

SJÚKRAHÚSIÐ OG HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á AKRANESI

Saga í 50 ár



1952-2002

Ritnefnd:

Jóhanna F. Jóhannesdóttir
Rósa Mýrdal
Þórir Bergmundsson
Þorkell Kristinsson

Prófarvallestur:

Kristján Kristjánsson


Umbrot og prentun:

Prentverk Akraness hf.

Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	2	Sjúkraflutningar	37
Ávarp formanns stjórnar SHA	4	Heilsugæslustöð	38
Aðdragandi stofnunar SHA og uppbygging	5	Starf framkvæmdastjóra	41
Lyflækningadeild (A-deild)	12	Lækningaforstjóri	42
Handlækningadeild (B-deild)	14	Starf yfirhjúkrunarkonu - hjúkrunarforstjóra	45
Fæðinga- og kvensjúkdómadeild (C-deild)	16	SHA sem vísinda- og kennslustofnun	46
Hjúkrunar- og endurhæfingardeild (E-deild)	18	Lækna ráð	48
Endurhæfing-sjúkraþjálfun-iðjuþjálfun ..	20	Starfsmannaráð	50
Læknaritaramiðstöð	22	Starfsmannafélag SHA	51
Rannsókn	24	Bókasafn	52
Röntgen	25	Vefur SHA	53
Skurð- og svæfingadeild	26	Gjafir	54
Slysadeild	28	Sjúkrahús búðin	55
Aðalskrifstofa	30	Sundlaugarsjóður	55
Eldhús	31	Leikskóli	56
Lyfjabúr	32	Starfsmannabústaður	57
Ræsting	33	Kapella og líkhús	58
Símavakt	34	Bollan	59
Viðhaldsdeild	35	Framkvæmdastjórar SHA	60
Þvottahús	36	Yfirlæknar SHA	61
		Stjórnir SHA frá upphafi	62
		Heimildir	64

Ávarp framkvæmdastjóra




Guðjón S. Brjánsson.

Álf öld í starfsemi heilbrigðisstofnunar greinir óhikað frá löngu og viðburðaríku tímabili, tímum sem einkennast af stórfelldum breytingum á högum þjóðar, aðbúnaði, tækni, þekkingu og starfsháttum.

Pegar fyrstu þrír sjúklingarnir voru innritaðir á Sjúkrahúsið á Akranesi hinn 4. júní 1952 var haldið af stað við fábreytt kjör og einfaldan viðbúnað miðað við þær kröfur sem gerðar eru í dag. Vígsla sjúkrahússins, hugsjónir, dugur og framkvæmdahugur heimamanna var hinsvegar mikill sem fátt fékk stöðvað.

Við aðstæður sem uppi voru fyrir 50 árum fengu að njóta sín hvorutveggja, stórhugur og framsýni, jafnt almennra borgara sem forráðamanna öflugra fyrirtækja, og saman leystu þessir aðilar allar þrautir og vanda og létu úrtöluraddir sem vind um eyru þjóta. Forsaga þess að Sjúkrahúsið á Akranesi varð að veruleika er löng og leiðin til þess tíma að hægt var að taka húsið í notkun var bæði grýtt og torsótt.

Það er áhugavert og fróðlegt að glugga í rit Þorkels Kristinssonar frá árinu 1995 um 80 ára sögu sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar. Þar kemur fram að tæplega 38 ár liðu frá því að fyrst kom upp hugmynd um byggingu sjúkraskýlis á Akranesi þar til starfsemin hófst. Það mun hafa verið formaður stúkudeildar á staðnum, Metta St. Hansdóttir sem hreyfði málinu fyrst. Dóttir hennar, Petrea Sveinsdóttir, ritaði grein í blaðið „Akranes“ skömmu eftir að sjúkrahúsið tók til starfa og orð hennar geisla af metnaði, stolti og hlýju er hún lýsir aðstæðum á þennan veg: „Þar gengur allt vel það sem af er og sjúklingarnir mjög ánægðir með lækni, starfsfólk, mat og allan aðbúnað. Enda er þar nú allt að verða svo fullkomið sem það getur frekast verið. Það lítur út fyrir að fljótlega verði þarna fullskipað af sjúklingum víðs vegar að af landinu.“



Í árána rás hafa fjölmargir starfsmenn komið við sögu SHA og þeir sameiginlega hlúð að þeim göfuga málstað að lækna og líkna. Það sem vekur sérstaka athygli er hinn langi starfsaldur fjölmargra og ófá dæmi eru um það að einstaklingar hafa helgað meginhluta starfsævi sinnar í þjónustu sjúkrahússins. Ungir, vel menntaðir læknar hófu einnig störf við stofnunina, nýkomnir erlendis frá og báru með sér þekkingu og ruddu jafnvel braut nýrri tækni í læknisfræði á landinu. Með þessu barst hróður sjúkrahússins um allt land og nöfn þeirra eru raunar enn í dag sveipuð ljóma.

Á afmælisárinu 2002 fáum við sannarlega að njóta verka allra þeirra sem á undan hafa gengið og unnið fórnfús störf frumherjanna í okkar myndarlegu heilbrigðisstofnun. Þar er merkinu enn haldið á lofti og leitast við að veita þegnum fjölþætta og vandada þjónustu. Hvergi hefur verið hvikað frá hugsjónum þeirra sem ruddu brautina í fyrstu og vonandi mun svo verða um ókomin ár. Það er þó ýmsum þáttum háð. Metnaður og samstaða, framsýni og dirfska, eru að mínu áliti þeirra mikilvægastir. Ef saman tekst að virkja þessa krafta alla mun Sjúkrahúsinu og heilsugæslustöðinni á Akranesi vel farnast um langa framtíð.

Það er von mín að þetta fallega rit gefi nokkra mynd af veröldinni innan veggja Sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi, bæði í nútíð og fortíð. Ritnefnd afmælisritsins og öllum þeim starfsmönnum sem lögðu sitt af mörkum leyfi ég mér að færa bestu þakkir fyrir alúð og vandvirkni við undirbúning og frágang ritsins. Sameiginlega gerðu starfsmenn það mögulegt að minnst þessara merku tímamóta með svo ánægjulegum hætti.

*Guðjón S. Brjánsson
framkvæmdastjóri*

Ávarp formanns stjórnar SHA



Guðni R. Tryggvason.

Þekja má sögu Sjúkrahúss Akraness mun lengra aftur en þau 50 ár sem það hefur verið starfrækt. Umræða um sjúkrahús á Akranesi nær allt aftur til ársins 1915 þegar fyrst kom fram tillaga um sjúkraskýli á Akranesi og haldin var hlutavelta til ágóða fyrir slíkt skýli. Mjög margir sýndu málinu áhuga á næstu áratugum en að öðrum ólöstuðum var þáttur Kvenfélags Akraness og fleiri líknarsamtaka hvað mestur. Verulegur skriður komst á málið þegar Haraldur Böðvarsson, útgerðarmaður og Ingunn Sveinsdóttir kona hans, gáfu Akraneskaupstað nýbyggt kvikmyndahús, Bíóhöllina, sem þau höfðu látið reisa árið 1942. Ágóðanum af kvikmyndasýningum skyldi varið til góðgerðarmála og byggingu sjúkrahúss á Akranesi.

Þannig er saga Sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi samofin atvinnu- og mannlífi bæjarins. Verk frumkvöðlanna sem skildu að góð aðstaða fyrir heilbrigðisþjónustu er ein af meginstöðum hvers samfélags verður seint þakkað og þá ekki síður þeim sem fylgdu þeirra góðu verkum eftir þegar sjúkrahúsið hafði tekið til starfa.

Það er á þessum grunni sem stofnunin starfar í dag og hefur gert það að einni af fullkomnustu heilbrigðisstofnunum utan höfuðborgarsvæðisins. SHA er fjölgreinasjúkrahús með örugga vaktþjónustu. Það veitir þjónustu sjúklingum hvaðanæfa af landinu en það styrkir reksturinn verulega og gerir því m.a. kleift að sinna hlutverki sínu gagnvart Akurnesingum og Vestlendingum jafn vel og raun ber vitni. Sérhæfing á einstökum sviðum, s.s. í kviðsjáraðgerðum og bæklunaraðgerðum hefur styrkt starfsemina auk þess sem deildir á borð við fæðingadeild og lyflækningadeild bjóða fram þjónustu sem mun fleiri en heimamenn nýta.

Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin hafa ætíð haft á að skipa frábæru starfsfólki og það hefur verið einn stærsti vinnustaðurinn á Vesturlandi. Þannig er og verður SHA mikilvægur hlekkur í því að gera búsetu á Akranesi eftirsóknarverðari en ella, en bærinn fagnar einmitt á þessu ári að 60 ár eru frá því hann fékk kaupstaðarréttindi.

Það er von mín að bæjarbúar fagni með okkur þessum tímamótum með þátttöku í þeirri metnaðarfullu dagskrá sem sett hefur verið upp í tilefni af afmæli stofnunarinnar og standa mun yfir allt afmælisárið.

Megi Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi vaxa og dafna um ókomna framtíð. Lífið heil.

*Guðni R. Tryggvason
stjórnarformaður SHA*

Aðdragandi og uppbygging

Sögu Sjúkrahúss Akraness má rekja allt aftur til ársins 1915, nánar tiltekið til 15. desember, er Metta St. Hansdóttir hóf máls á því á fundi hjá Stúkunni Akurblómi nr. 3, að nauðsyn bæri til að reisa sjúkraskýli á Akranesi. Á fundinum var skipuð nefnd til þess að fylgja hugmyndinni eftir. Í nefndina voru kosin Metta St. Hansdóttir, Mörk, Ólína Bjarnadóttir, Háteigi, Vigdís Jónsdóttir, Görðum, séra Jón Sveinsson, prófastur og Sumarliði Halldórsson, skógræðingur. Á næsta stúkufundi skýrði formaður frá því að tillaga nefndarinnar væri sú að efnt yrði til hlutaveltu í þeim tilgangi að mynda upphaf að sjóði er varið skyldi til sjúkraskýlisbyggingar á Akranesi. Hlutavelta var síðan haldin haustið 1916 og ágóðinn af henni var kr. 300,93.

Hljótt var um málið nokkra hríð en skriður komst á það aftur eftir að hin mannskæða influensa gekk haustið 1918. Í byrjun árs 1919 hófst fjársöfnun að nýju undir forystu Petreu G. Sveinsdóttur. Hlutavelta, söngskemmtanir og framlög einstaklinga urðu sjóðnum nokkur tekjulind.

Eftir nokkurra ára hlé varð það síðan hlutverk nýstofnaðs Kvenfélags Akraness að taka upp þráðinn að nýju og þoka byggingarmálum sjúkrahússins áleiðis.

Á stofnfundi kvenfélagsins þann 8. apríl 1926 var lögð á það höfuðáhersla að félagið beitti sér fyrst og fremst að fjáröflun til sjúkrahúsbyggingar.

Vegleg skemmtun var haldin þann 20. júní sama ár og ágóðinn, kr. 1.064,83, rann óskertur í sjúkrahúsbyggingarsjóð, sem þar með var stofnaður, en fyrir var sjúkraskýlisjóðurinn sem áður hefur verið greint frá.

Fjáröflunarsamkomur til styrktar sjóðnum urðu síðan árviss viðburður, oft í kringum 19. júní. Þá má geta þess að félagskonur stunduðu um árabíl garðrækt til fjáröflunar fyrir sjóðinn á landskika er sjóðurinn eignaðist á Bjargslandi, þar sem Laugarbrautin er nú. Síðar seldi félagið skikann með drjúgum hagnaði. Samtímis þessu aflaði sjúkraskýlisjóðurinn sér tekna með áheimum, gjöfum og minningarþjöldum.

Þann 16. nóvember árið 1934 skipaði hreppsnefnd 5 manna nefnd til að undirbúa byggingu sjúkraskýlis og gera tillögur um framgang málsins. Nefndin vann áætlun um byggingu skýlis og sendi ári síðar bréf til landlæknis þar sem óskað var eftir álit hans á kostnaðaráætlun sem nefndin hafði unnið. Í bréfinu var einnig óskað eftir að landlæknir léti gera uppdrátt að húsi fyrir 14 - 16 sjúklinga.

Næsti umtalsverði áfangi í byggingarmálum sjúkrahússins var þann 17. mars 1939 er þeir aðilar sem höfðu látið málið til sín taka sameinuðust og skipuð var Sjúkraskýlisnefnd Akraness. Nefndina skipuðu þrír fulltrúar frá hinum fyrsta sjúkraskýlissjóði, þrír fulltrúar frá kvenfélaginu auk þriggja fulltrúa hreppsnefndar. Hófst nú undirbúningsvinna. Margt varð þó til þess að teyja framgang málsins og má þar nefna tregðu stjórnvalda, svo og heimsstyrjöldina sem skall á í september 1939. Var því dauft yfir öllum undirbúningi um hríð.


Haustið 1943 dró til tíðinda á ný þegar hjónin Ingunn Sveinsdóttir og Haraldur Böðvarsson færðu Akraneskaupstað hið nýja kvikmyndahús, Bíóhöllina, við Vesturgötu



Metta St. Hansdóttir.



Petrea Sveinsdóttir.



Auglýsing á hlutaveltu á lokadag 1915 handskrifuð af Petreu Sveinsdóttur í Mörk.



*Stjórn Kvenfélags Akraness 1926.
Ingunn Sveinsdóttir, Svafa Þórleifs-
dóttir og Emelía Briem.*



*Framkvæmdanefnd fyrir
sjúkrahúsbyggingu, skipuð
22. mars 1945.
Haraldur Böðvarsson, Sveinbjörn
Oddsson og Þorgeir Jósefsson.*

að gjöf. Í gjafabréfinu var kveðið á um að rekstrarafgangur gengi til mannúðar- og menningarmála á Akranesi. Næstu árin rann allur ágóði Bíóhallarinnar til uppbyggingar sjúkrahússins.

Á stjórnarfundinum þann 22. mars 1945 var samþykkt að stjórn sjúkrahússins gengist fyrir sjúkrahúsbyggingu og yrði leitað samþykkis bæjarstjórnar til þess. Ennfremur var samþykkt að kjósa þrjá menn í framkvæmdanefnd og hlutu Haraldur Böðvarsson, Sveinbjörn Oddsson og Þorgeir Jósefsson kosningu.

Framkvæmdir við byggingu sjúkrahússins hófust 1946 en ýmislegt varð þó til að tefja fyrir. Í júní-júlíhefti blaðsins „Akranes“ 1947 mátti lesa eftirfarandi: „Sjúkrahúsið - í áttina miðar þó hægt fari, enda er þar við ótal erfiðleika að etja, að því er útvegum efnis snertir. Nýlega er til dæmis komið gler sem átti að vera hér fyrir ári síðan. Í þann veginn er að koma miðstöðvartæki sem líka átti að vera komið fyrir löngu síðan. Svona mætti lengi telja. Mjög er því óvíst að húsið verði fullgert fyrr en einhvern tímann á næsta vetri en þegar það kemur verður húsið í alla staði stórt og fullkomið og er það mest um vert.“

Í janúar-febrúarhefti blaðsins árið 1949 er skrifað: „Það er alltaf verið að vinna og miðar því nokkuð í áttina en það vantar eins og víðar ýmsa hluti sem til byggingarinnar þarf og sífellt er neitað um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir. Þrátt fyrir, þó ekki blási byrlega hvað þetta snertir, er vonast til að byggingunni verði lokið á þessu ári.“

Í mars 1950 taldist byggingu lokið og nam þá heildarkostnaður rétt rúmlega tveim milljónum króna.

Þann 27. mars 1950 skrifaði Haraldur Böðvarsson í blaðið „Akranes“: „Eitt af því fyrsta og nauðsynlegasta sem bæjarstjórnin þarf að gera er að ráða skurðlækni og velja hann ekki af verri endanum, því undir honum er rekstur hússins að miklu leyti kominn. Hann á að vera með í ráðum um ráðningu hjúkrunarkvenna og annars starfsfólks, ennfremur á hann að ákveða og vera með í ráðum um kaup og útvegum á lækningatækjum og öðru. Hann þarf helst að vera nokkurs konar framkvæmdastjóri fyrirtækisins og sjá um að sjúkrahúsið sé rekið á sem hagkvæmastan hátt. Landlæknir verður að vera með um ráðningu hans.“

Fyrsta stjórn Sjúkrahúss Akraness var skipuð þann 15. apríl 1950 en í henni sátu dr. Árni Árnason, Sveinbjörn Oddsson, Þorgeir Jósefsson, Herdís Ólafsdóttir og bæjarstjórninn Sveinn Finnsson, sem jafnframt var formaður.

Árið 1951 var húsið nær fullbúið en stóð ónotað um hríð því enn stóð á nauðsynlegum innflutningsleyfum. Þá var eftir að afla húsgagna, ýmissa tækja, svo og að ráða starfsfólk. Sýndu kvenfélagskonur þá sem áður hvers þær voru megnugar og hófu söfnun í bænum og upp um sveitir Borgarfjarðar. Söfnuðust um 143 þúsund krónur. Einnig gaf félagið öll gluggatjöld, dúnsængur og sængurfatnað til sjúkrahússins.

Sjúkrahúsið tekur til starfa

Þann 4. júní 1952 tók Sjúkrahús Akraness á móti fyrstu sjúklingunum. Samkvæmt innskriftarbók frá þeim tíma voru þrír sjúklingar lagðir inn á sjúkrahúsið þann dag. Tuttugu og fjögur rúm voru í sjúkrahúsinu. Fyrsta árið, þ.e. frá opnun til áramóta, var fjöldi legudaga 2.948 og heildarfjöldi sjúklinga 140.

Yfirlæknir var Haukur Kristjánsson frá Hreðavatni, yfirhjúkrunarkona var Jónína Bjarnadóttir og fyrsti ráðsmaðurinn var Bjarni Th. Guðmundsson.

Petrea G. Sveinsdóttir var gjaldkeri sjúkraskýlissjóðsins frá 18. desember 1918 þar til hún andaðist 1954. Er sjúkrahúsið tók til starfa skrifaði Petrea: „Nú eru liðin 37 1/2 ár frá því að móðir mín sáluga bar fram tillögu um byggingu sjúkraskýlis á Akranesi. Guð sé lof fyrir að ég fékk að lifa það og vinna svolítið að því að sjúkrahúsið var byggt og hefur nú tekið til starfa með ágætum lækni, hjúkrunarliði og starfsfólki.“

Þá lýsti Petrea húsinu þannig: „Nú er risin fögur bygging á einum fallegasta stað í bænum, Kirkjuvallartúni, sem bæði er stórt og slétt. Húsið er tvær hæðir og snýr suðurhlíð móti sól, norður úr því er álma og eru þar uppi svalir er snúa móti austri, ásamt þrem herbergjum, eldhúsi, skála og gangi. Þar býr nú yfirlæknir hússins, Haukur Kristjánsson frá Hreðavatni, ásamt konu og syni. Á efri hæð hússins eru tvær 4ra manna stofur og sjö 2ja manna stofur. Þessar stofur eru með suðurhlíð en með norðurhlíð er ein fæðingastofa, ein stofa fyrir konur sem hafa fætt, eitt eins manns herbergi, skurðstofa með tilheyrandi herbergi, bað, skol, lyfta, gangur fram í álmuna, línskápur, breiður og fallegur gangur eftir endilöngu húsinu og stigi niður. Á neðri hæð hússins eru íbúðir hjúkrunarfólks, yfirhjúkrunarkona hefur stofu og svefnherbergi, sömuleiðis matráðskona, en hjúkrunarkonurnar hafa eina stofu hvor. Læknir hefur eitt herbergi, kandiðat eitt, ef einhver er, skrifstofa, framköllunar- og lyfjastofa og skápar. Þessi herbergi eru með suðurhlíð en með norðurhlíð er biðstofa, stofa fyrir röntgentæki, skrifstofa ráðsmanns, ljómandi smekklegt anddyri, innri og ytri, eldhús með eldavel og fleiri góðum tækjum. Þar innaf býr með stórum ísskáp og enginn skortur á klósettum eða handlaugum. Ennfremur þvottaherbergi, líkhús og geymsla. Í kjallara er olúkynding. Umhverfis lóð sjúkrhússins er steypur garður og hafa kvenfélagskonur gróðursett mikið af trjáplöntum umhverfis lóðina.“

Í októberblaði „Akraness“ árið 1952 var skrifað: „Mikil aðsókn er að sjúkrahúsinu. Þar hafa legið á annað hundrað sjúklingar og þar hafa verið gerðir stórir uppskurðir sem allir hafa tekist mjög vel. Hingað hefur fólk komið úr þrettán sýslum og bæjarfélögum víðs vegar að af landinu til hinna margvíslegustu aðgerða. Öll tæki eru ný og fyrsta flokks, allur aðbúnaður ágætur og starfsfólk ágætt. Má því búast við vaxandi aðsókn að þessu nýja sjúkrahúsi, þannig að þar verði fólk á biðlista sem og hinum stærri sjúkrahúsum landsins.“



Sjúkrahús Akraness fullbúið árið 1951.



Frá vinstri: Hallgrímur Hallgrímsson, Hallgrímur Björnsson, Ólafur Jónsson og Haukur Kristjánsson. Myndin er tekin 1953.



Frá vinstri: Hallgrímur Björnsson, Páll Gíslason yfirlæknir, Bragi Niels-son og Torfi Bjarnason héraðslæknir. Myndin er tekin 1958.



Í borðsalnum. Bragi Níelsson og Páll Gíslason. Myndin er tekin 1963.

Í desember 1952 voru eftirfarandi starfsmenn á Sjúkrahúsi Akraness:

Haukur Kristjánsson,
yfirlæknir
Bjarni Th. Guðmundsson,
ráðsmaður
Jónína Bjarnadóttir,
yfirhjúkrunarkona
Sigurlín Gunnarsdóttir,
hjúkrunarkona
Þorgerður Brynjólfsdóttir,
hjúkrunarkona
Guðbjörg Kristjánsdóttir,
matráðskona
Guðríður Ásmundsdóttir,
forstöðukona í þvottahúsi
Puríður Guðnadóttir, ljósmóðir
Ólöf Sigurðardóttir
Katrín Ólafsdóttir
Margrét Veturlíðadóttir
Sóley Halldórsdóttir
Sigríður Árnadóttir
Nína Ólafsdóttir
Sigríður Gísladóttir
Jökulrós Magnúsdóttir



Haukur Kristjánsson, Hallgrímur Björnsson, Ólafur Jónsson, Jónína Bjarnadóttir og Sigurlín Gunnarsdóttir. Myndin er tekin 1953.



Aftari röð f.v.: Sigrún Gísladóttir, Hulda Þorkelsdóttir, Helga Hrönn Þórhallsdóttir, Bragi Níelsson, Sigurður Ólafsson, Lúðvik Jónsson og Hallgrímur Björnsson. Fremri röð: Torfi Bjarnason, Sigurbjörg Jóhannsdóttir, Ragnhildur Theódórsdóttir og Páll Gíslason. Myndin tekin 1966.

Mikil aðsókn var að sjúkrahúsinu og þörf á fleiri rúmum og áfram var unnið að því að styrkja starfsemina. Í október-desemberblaði „Akranes“ árið 1956 var skrifað: „Verið er að byggja starfsmannabústað rétt norðan við sjúkrahúsið, þar sem Smiðjuvellir stóðu áður. Þegar það er fullgert verður hægt að fjölga eitthvað sjúkrarúmum spítalans. Veitir ekki af því því oftast mun nú fólk bíða eftir að komast þar að. Við höfum verið ákaflega heppin með alla lækna sem starfa hér og fer ákaflega gott orð af spítalanum í heild.“

Starfsemin óx og innlögnum fylgði jafnt og þétt næstu árin. Haukur Kristjánsson lét af störfum 1955 og tók Páll Gíslason við yfirlæknisstöðu af honum.

Í mars 1958 flutti yfirlæknir í starfsmannabústað úr norðurálmú sjúkrahússins og fylgði rúmum á sjúkrahúsinu um sex er íbúð hans var breytt í sjúkrastofur.

Þann 7. janúar 1960 samþykkti stjórn Sjúkrahúss Akraness að hefja undirbúning að stækkun sjúkrahússins.

Þann 1. júlí 1961 var Sjúkrahús Akraness viðurkennt sem fjórðungssjúkrahús og naut eftir það réttinda sem slíkt um framlög úr ríkissjóði.

II. áfangi - sjúkraálma

Framkvæmdir við sjúkraálmu, sem var þrjár hæðir og kjallari ásamt eldhúsálmu og nýju anddyri, hófust á árinu 1964.

Þann 4. desember 1968 var miðhæðin tekin í notkun. Þá urðu þáttaskil í sögu sjúkrahússins er það varð deildaskipt með stofnun handlækningadeildar með 30 rúmum í nýju álmunni og lyflækningadeildar með 30 rúmum sem var til húsa í eldri álmunni. Í kjölfarið jókst verkaskipting og sérhæfing.

Í ágúst 1969 var læknamíðstöð á fyrstu hæð tekin í notkun og stuttu síðar herbergi í kjallara, s.s. verkstæði og búningsherbergi. Árið 1971 var röntgendeildin tekin í notkun og nýja slysadeildin árið 1974. Aðalinngangur var fluttur að Merki-gerði í lok júlí 1974. Í lok árs 1975 var eldhúsið í hliðarálmum fullgert.

Þann 1. febrúar 1977 var þriðja hæð sjúkraálmu tekin í notkun. Þangað fluttist lyflækningadeildin og fékk 30 sjúkrarúm til afnota. Í elsta hluta hússins var sett upp langlegudeild, hjúkrunar- og endurhæfingardeild með 30 sjúkrarúmum.

Árið 1978 voru teknar í notkun nýjar skurðstofur, fæðingastofur og sótthreinsun. Var byggingunni þá að mestu leyti lokið. Fram til ársins 1978 voru skurðstofur og fæðingastofur staðsettar í elstu álmu sjúkrahússins þar sem þær höfðu verið frá opnun 1952.

III. áfangi - heilsugæsluálma

Enn á ný fór að þrengja að starfseminni. Heilsugæslustöð Akraness hóf starfsemi sína árið 1975 en varð að búa við þann knappa kost að fá til umráða nokkur herbergi sem voru dreifð á fyrstu hæð sjúkraálmu. Þá var einnig farið að þrengja að starfsemi endurhæfingar, rannsóknastofu, kapellu og líkhúss.

Á árunum 1978-1979 var orðið ljóst að brýn þörf væri á stækkun húsnæðis. Árið 1982 fékkst loks leyfi fyrir byggingu heilsugæsluálmu. Árið 1984 var lokið við að steypa grunnplötu. Ekki var unnið við húsið næstu þrjú árin þar sem fjárveitingar fengust ekki. Árið 1987 var gerð 5 ára áætlun um að ljúka byggingu hússins.

Ný heilsugæslustöð var formlega opnuð þann 8. febrúar 1992 og var hún staðsett á miðhæð byggingarinnar.

Í byrjun árs 1993 var neðsta hæð heilsugæsluálmunnar tilbúin. Var fyrirhugað að þar yrði framtíðarhúsnæði sjúkra- og iðjuþjálfunar. Vegna skorts á tækjum og innanhússmunum var ekki hægt að taka deildina í notkun fyrr en í byrjun desember 1993 en þá var keyptur búnaður fyrir fé úr sundlaugasjóði.

Í júlí 1994 lauk breytingum og viðbyggingu á aðalanddyri sjúkrahússins við Merki-gerði. Við stækkunina fékkst aukið rými fyrir biðstofur og móttöku fólks á heilsugæslu og sjúkrahús.




Nýbyggingin.



Frá byggingu heilsugæslustöðvar.



Frá vígslu heilsugæslustöðvar.



Vegna framkvæmda við nýja anddyrið þurfti að færa skrifstofur. Var þeim fundinn staður þar sem sjúkrahjálfari hafði haft aðstöðu í elsta hluta hússins. Framkvæmdir hófust í apríl 1992 og skrifstofur voru fluttar í nóvember sama ár.

Efsta hæðin í heilsugæsluálmunni hafði staðið auð og endanleg ákvörðun um nýtingu hennar var ekki tekin fyrr en árið 1999 að ákveðið var að þar yrðu nýjar skurðstofur. Þann 30. september árið 2000 var tekin í notkun mjög glæsileg skurðeild með tveimur stórum skurðstofum ásamt einni minni, auk aðstöðu fyrir dagdeildarsjúklinga.

Áframhaldandi uppbygging

Í mars 2002 var undirritaður samningur á milli Sjúkrahúss Akraness og Heilbrigðisráðuneytisins um fjárveitingu til endurnýjunar á húsnæði fæðinga- og kvensjúkdóma-deildar. Deildin flyst á efri hæð eldhúsálmunnar þar sem skurðstofurnar voru áður. Reiknað er með að framkvæmdir hefjist fljótlega. Verkið sem um ræðir er í raun þrjúþætt; lagfæringar utanhúss á eldhúsálmunni, eldhús sjúkrahúsins verður tekið í gegn og gagngerar endurbætur á húsnæði því sem fæðingadeildin flyst í. Heildarkostnaður hljóðar upp á rúmar 160 milljónir króna. Áætlað er að verkinu ljúki á árinu 2004.

Staðan í dag og framtíðarsýn

Þann 1. janúar 1998 voru stofnanirnar tvær, sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin, sameinaðar formlega í eina stofnun undir heitinu Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi (SHA).

Sjúkrahúsið er deildaskipt fjölgreinasjúkrahús með fjórar legudeildir auk dagdeildar. Við sjúkrahúsið starfa nú um 240 manns, þar af rúmlega 20 sérfræðilæknar. Að meðaltali eru um 2500 innlagnir á ári og heildarfjöldi skurðaðgerða er um 3000 árlega.

Miklar breytingar hafa orðið á rekstri sjúkrahússins á þeim tæplega 50 árum frá því að fyrstu sjúklingarnir voru innritaðir. Sjúklingum hefur fjölgað ört en þrátt fyrir það hefur sjúkrarúmum fækkað. Tækniþróun hefur leitt til þess að afköst starfsfólks hafa aukist og legutími sjúklinga verður æ styttri. Sem dæmi um þetta má nefna að á sl. 10 árum hefur legudögum fækkað um 55% á meðan sjúklingafjöldi hefur aukist um tæp 20%. Þá hefur meðallegutími styst frá 11,7 dögum árið 1990 í 6 daga árið 2001 eða um helming. Flestir sjúklingar koma frá Akranesi og nágrenni eða um 45%.

Hinn 23. september 1998 skrifuðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, og framkvæmdastjóri SHA, Sigurður Ólafsson, undir framtíðarsýn fyrir SHA, þar sem ráðuneytið staðfesti stefnumótun fyrir Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina á Akranesi sem unnin var í samvinnu við ráðuneytið og var framhald af þeirri stefnumörkun sem unnið var að á landsvísu og tengdist heildarstefnumörkun ráðuneytisins á Vesturlandi. Allir stjórnendur SHA komu að mótun þessarar framtíðarsýnar. Stefnumótunin byggðist á innri greiningu starfseminnar sem fram fór á öllum deildum sjúkrahússins.

Framtíðarsýn SHA skiptist í eftirfarandi þætti: Meginhlutverk, framtíðarsýn, þjónusta og gæði þjónustunnar, rannsóknir og kennsla, upplýsingamál, fjármál, stjórnun, skipulag, starfsmannamál, húsnæðis- og öryggismál og þjónustumarkmið.

Á næstu blaðsíðum þessa rits verður rakin þróun allra helstu þátta í starfsemi SHA í árána rás. Þar má glögglega sjá að miklar breytingar hafa átt sér stað frá því að starfsemi Sjúkrahúss Akraness hófst fyrir 50 árum. Reynt hefur verið að afla gagna um sem flesta þætti í starfseminni til að varpa ljósi á það fjölbreytta og metnaðarfulla starf sem fer fram innan veggja SHA.

Útdráttur úr framtíðarsýn

Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi (SHA) skiptist í sjúkrasvið og heilsugæslusvið. Á sjúkrasviði er starfrækt fjölgreinasjúkrahús með örugga vaktþjónustu allan sólarhringinn árið um kring. Sjúkrahúsið veitir almenna og á vissum sviðum sérhæfða sjúkrahúþjónustu á lyflækningadeild, handlækningadeild, fæðinga- og kvensjúkdómadeild og á vel búnum stoðdeildum þar sem höfuðáhersla er lögð á þjónustu við íbúa Vestur- og Suðvesturlands. Jafnframt er lögð áhersla á þjónustu við íbúa höfuðborgarsvæðisins. Á heilsugæslusviði er veitt almenn heilsugæsluþjónusta fyrir íbúa í heilsugæsluumdæmi Akraness með forystuhlutverk varðandi almenna heilsuvernd og forvarnarstarf. SHA tekur þátt í menntun heilbrigðisstétta í samvinnu við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir. Starfsmenn stofnunarinnar eru um 240 talsins.

Lyflækningadeild



Frá vaktstofunni: Jónsína Ólafsdóttir, Elín Daðadóttir, Kristín Guðmundsdóttir og Guðrún Hröðmarsdóttir.



Hjúkrun á lyflækningadeild.



Elín Daðadóttir deildarstjóri.

Lyflækningadeild, A-deild, varð til í elstu álmunni þegar handlækningadeild var opnuð í sjúkrahúsi í desember 1968 en fram að þeim tíma hafði öll starfsemi verið á einum sjúkragangi. Í byrjun árs 1969 var fyrsti lyflæknirinn ráðinn til starfa við sjúkrahúsið. Með tilkomu lyflækis jókst læknisfræðileg sérhæfing á sjúkrahúsinu og verkaskipting varð meiri. Fyrsti yfirlæknir lyflækningadeildar var Magnús Ásmundsson en hann starfaði í tæpt ár. Næstur kom Einar Helgason sem starfaði til ársins 1973 er Guðmundur Árnason tók við. Guðmundur var yfirlæknir í 10 ár eða þar til hann lét af störfum vegna veikinda árið 1983. Ari Jóhannesson, sérfræðingur í innkirtla- og efna-skriptasjúkdómum, var ráðinn yfirlæknir 1984 og gengdi hann starfinu í 14 ár eða til ársins 1998. Ari lagði áherslu á að efla starfsemi deildarinnar og bæta þjónustu við sjúklinga m.a. með aukinni læknisfræðilegri sérhæfingu s.s. í hjartasjúkdómum, meltingarfærasjúkdómum og krabbameinslækningum. Núverandi yfirlæknir deildarinnar er Þorkell Guðbrandsson, hjartasérfræðingur, sem gegnt hefur því starfi frá 1998.

Fyrsti hjúkrunardeildarstjórinn var Bryndís Jónasdóttir. Núverandi deildarstjóri er Elín Daðadóttir sem gegnt hefur starfinu frá árinu 2001. Jóhanna F. Jóhannesdóttir hefur gegnt starfi deildarstjóra lengst eða í 13 ár.

Árið 1967 var Jón Jóhannesson, læknir, ráðinn til starfa við sjúkrahúsið sem aðstoðarlæknir, m.a. til að taka sjúkraskýrslur og til aðstoðar á skurðstofunni. Hann sá einnig um úrlestur á röntgenmyndum árum saman áður en röntgenlæknir kom til starfa. Jón hefur starfað á lyflækningadeildinni frá árinu 1970, lengst allra starfsmanna og ávallt sinnt störfum sínum af mikilli samviskusemi. Jón hefur ákveðið að láta af störfum á þessu ári.

Í febrúar 1977 flutti lyflækningadeildin í nýtt húsnæði með 30 sjúkrarúmum á þriðju hæð sjúkrahúsi. Við opnun deildarinnar fékkst húsnæði sem hentaði betur. Sjúkrastofur voru rúmbetri og vinnuástanda starfsfólks batnaði til muna, m.a. með tilkomu sjúkrarúma á hjólum sem hægt var að hækka og lækka. Fram til ársins 1985 var hluti deildarinnar, u.þ.b. 10-12 rúm, nýttur sem langlegurými vegna skorts á úrræðum fyrir þá sem þurftu of mikla aðstoð til að geta verið heima. Með auknu dvalar- og hjúkrunarrými á Vesturlandi, bættri heimaþjónustu og styttri legutíma breyttist hlutverk deildarinnar í auknum mæli yfir í að sinna bráðatilfellum.

Læknisfræðileg sérhæfing og umfang starfseminnar hefur vaxið ár frá ári. Árið 1991 kom fyrsti hjartasérfræðingurinn til starfa á deildinni. Þá var m.a. hægt að framkvæma hjartaómskoðanir, setja gangráð í sjúklinga og gera rafvendingar. Árið 1992 var fyrsti meltingarsérfræðingurinn ráðinn á deildina. Þá fjölgaði mjög magaspeglunum, stuttum

ristilspeglunum og hægt var að fara að gera langar ristilspeglanir, svo eitthvað sé nefnt. Með tilkomu þessara tveggja sérgreina batnaði þjónusta við sjúklinga til muna. Frá árinu 1991 hefur krabbameinsslæknir komið reglulega og veitt ráðgjöf um meðferð sjúklinga með krabbamein. Þjónusta við sjúklinga með illkynja sjúkdóma hefur ávallt verið stór hluti af starfi deildarinnar og sl. 10 ár hafa hjúkrunarfræðingar deildarinnar sinnt, í sérstökum tilfellum, heimaþjónustu við deyjandi krabbameinssjúklinga á Akranesi. Síðustu árin hefur heimaþjónustan verið veitt í samvinnu við hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðinni. Frá árinu 2000 hefur deildin einnig haft ráðgefandi sérfræðing í lungnasjúkdómum.

Undanfarin ár hefur lyflækningadeildin verið rekin sem deild með 15-18 rúmum og innlagnir eru 600-700 á ári. Þrátt fyrir fækkun sjúkrarúma hefur innlögnum heldur fjölgað ef miðað er við þegar deildin var með 30 sjúkrarúm. Deildin sinnir vaktþjónustu allt árið og starfsemin er mjög fjölbreytt. Deildin sinnir sem fyrr öllum helstu þáttum almennra lyflækninga og um 70% innlagna eru bráðainnlagnir. Ekki þarf að senda áfram til Reykjavíkur aðra sjúklinga en þá sem þurfa á mjög sérhæfðum rannsóknnum eða meðferð að halda. Meðallegutími sjúklinga hefur styst verulega með árunum og sem dæmi má nefna að meðallegutími sjúklinga árið 1990 var 16,7 dagar samanborið við 5,8 daga árið 2001. Til gamans má einnig geta þess að árið 1982 voru sjúklingar venjulega inniliggjandi í 28 daga eftir kransæðastíflu en 20 árum síðar, árið 2002, eru þeir 5 - 8 daga á sjúkrahúsinu.

Starfsemi deildarinnar hefur tekið miklum breytingum í samræmi við þróun í læknisfræði og hjúkrun. Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar hafa verið duglegir að tileinka sér nýjungar innan hjúkrunar og m.a. verið í fararbroddi í skráningu. Unnið hefur verið að því að bæta og endurnýja tækjakost deildarinnar. Á síðasta ári fékk deildin ný hjartagæslutæki sem voru gjöf frá félagasamtökum eins og eldri tækin. Þá varð einnig mikil breyting til hins betra á síðasta ári þegar súrefni og sog var tengt í veggj á sjúkrastofum en það hafði verið baráttumál í mög ár. Nú þarf ekki lengur að rogast með stóra súrefniskúta og sogtæki fram og til baka. Frekari úrbóta er þó þörf og brýnasta verkefnið er endurnýjun sjúkrarúma og lagfæringar á húsnæði deildarinnar.

Á deildinni eru nú 3,6 stöðugildi sérfræðilækna sem sjö læknar skipta með sér, 1 stöðugildi aðstoðarlækni, 8 stöðugildi hjúkrunarfræðinga, 7,5 stöðugildi sjúkraliða og 1 stöðugildi deildarritara. Einnig vinnur á deildinni starfsfólk í býtibúri og ræstingum ásamt sjúkráþjálfurum og iðjubjálfa.



Stund milli stríða: Jörunn Guðmundsdóttir, Björk Jónasdóttir, Brynja Jóhannsdóttir og Gunnbildur Knútsdóttir.



Frá afmælishófi lyflækningadeildar 1997. Þeir starfsmenn sem höfðu starfud yfir 20 ár fengu viðurkenningu: Hulda Sigurðardóttir, Ólöf Hannesdóttir, Jónsína Ólafsdóttir, Jón Jóhannesson, Sigríður E. Hauksdóttir, Sveinsína Arnadóttir og Fanney Hervarsdóttir.



Stofugangur á A-deild. Þorkell Guðbrandsson, Jóhanna F. Jóhannesdóttir, Jón Jóhannesson og Zoran Trifunovic.

Handlækningadeild



Ungum skjólstaðingi sinni.



*Guðjóna Kristjánsdóttir
deildarstjóri.*



*Magnús E. Kolbeinsson
yfirlæknir.*

Handlækningadeild, B-deild, með 31 sjúkrarúm, var opnuð þann 4. desember 1968 en allt frá árinu 1952 hafði stór hluti sjúklinga lagst inn á sjúkrahúsið til skurðaðgerða.

Fyrsti yfirlæknir handlækningadeildar var Páll Gíslason. Hann starfaði á sjúkrahúsinu frá árinu 1955 til ársins 1970. Páll var fyrsti æðaskurðlæknirinn á Íslandi en auk æðaskurðaðgerða framkvæmdi hann margar stórar aðgerðir, m.a. kvensjúkdómaaðgerðir. Guðjón Guðmundsson tók við af Páli árið 1971 og var yfirlæknir þar til hann lét af störfum í árslok 1994 vegna heilsubrests. Guðjón var mjög fjölhæfur skurðlæknir. Hann gerði m.a. æðaskurðaðgerðir og ýmsar bæklunaraðgerðir. Í hans tíð eflidist starfsemi deildarinnar að umfangi og sérhæfing jókst ár frá ári. Magnús E. Kolbeinsson, sérfræðingur í almennum skurðlækningum, hefur verið yfirlæknir deildarinnar frá árinu 1994. Þegar Magnús hóf störf var farið að framkvæma kviðsjáraðgerðir í auknum mæli, s.s. vélindabakflæðisaðgerðir, gallvegaaðgerðir og kviðslitsaðgerðir. Með þeirri nýju tækni sem kviðsjáraðgerðir byggja á styttist legutími, verkir minnka og sjúklingar ná skjótari bata. Auk kviðsjáraðgerða framkvæmir Magnús ýmsar stærri aðgerðir, m.a. á meltingarfærum.

Læknisfræðileg sérhæfing hefur vaxið í takt við þróun greinarinnar. Árið 1990 var fyrsti sérfræðingurinn í bæklunarlækningum ráðinn að deildinni en allt frá því um 1970 höfðu bæklunarlæknar komið og gert aðgerðir á sjúkrahúsinu. Þegar bæklunarlæknar fóru að vera í föstu starfi var mögulegt að gera fleiri og stærri aðgerðir s.s. liðskiptaaðgerðir á mjöðmum og hnjám, auk þess sem hægt var að sinna nær öllum beinbrotum. Þáttur bæklunarlækninga hefur verið stöðugt vaxandi í starfsemi deildarinnar og sem dæmi voru gerðar 64 liðskiptaaðgerðir (mjaðmir og hné) árið 2001 samanborið við 15 árið 1993. Sérfræðingur í þvægfærasjúkdómum hefur starfað við deildina frá 1991. Með tilkomu þvægfærasérfræðings fjölgaði aðgerðum sem hægt var að framkvæma á sjúklingum deildarinnar, s.s. blöðruhálskirtilsaðgerðum. Þá hefur deildin notið þjónustu sérfræðinga í háls-, nef- og eyrnalækningum nánast frá upphafi, en frá 1995 hefur háls-, nef- og eyrnalæknir verið í fastri stöðu við deildina. Árið 2001 bættist enn ný sérgrein við þegar sérfræðingur í lýtalækningum kom til starfa en hann sinnir einnig handaráverkum, brunatilfellum og almennum skurðlækningum.

Fyrsti hjúkrunardeildarstjórinn var Ragnhildur Theódórsdóttir. Núverandi deildarstjóri er Guðjóna Kristjánsdóttir sem gegnt hefur starfinu frá 1985. Elín Einarsdóttir gegndi starfi deildarstjóra í 10 ár eða frá 1975-1985. Á deildinni er unnið með skipulega skráningu hjúkrunar.

Árið 1972 var deildinni skipt í tvær deildir, þ.e. handlækningadeild með 19 rúmum, fæðinga- og kvensjúkdómadeild með 12 rúmum. Síðan var rúmum enn fækkað eða í 10 rúm árið 1995, m.a. vegna niðurskurðar, styttri legutíma og tilkomu dagdeildar, en á dagdeild er framkvæmdur fjöldi skurðaðgerða sem ekki krefjast innlagnar á legudeild.

Deildin sinnir vaktþjónustu allan sólarhringinn alla daga ársins og veitir alla almenna þjónustu á sviði handlækninga auk bráðaþjónustu. Heildarfjöldi sjúklinga á deildinni árið 2001 var 720. Þar af komu um 20% frá höfuðborgarsvæðinu. Alls voru gerðar 744 aðgerðir á deildinni árið 2001.

Af framangreindu má sjá að mikil gróska er í starfsemi deildarinnar og stefnt er að enn frekari aukningu í kviðsjáraðgerðum og liðskiptaaðgerðum á næstu árum. Kviðsjáraðgerðum hefur farið fjölgandi og sem-dæmi voru þær 105 árið 2001 samanborið við 20 árið 1993.

Það sem einkum hamlar frekari þróun starfseminnar er hversu fá sjúkrarúm deildin hefur til ráðstöfunar. Fjölga þarf sjúkrarúmum til að bæta þjónustuna við þá sem þurfa að komast í aðgerðir því biðlistar hafa lengst. Annað brýnt verkefni er endurnýjun á húsnæði deildarinnar sem ekki er í takt við kröfur nútímans, enda ekki verið lagfært að því er heitið getur frá opnun deildarinnar árið 1968.

Á deildinni eru 2,7 stöðugildi sérfræðilækna sem 6 læknar skipta með sér, 1 stöðugildi aðstoðarlæknis, 6,5 stöðugildi hjúkrunarfræðinga, 7,8 stöðugildi sjúkraliða og 1 stöðugildi deildarritara. Einnig starfar á deildinni starfsfólk í býtibúri og ræstingum ásamt sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfra.



Sjúkraliðar að störfum. Á myndinni má sjá Ingibjörgu Guðjónsdóttur sem hefur starfað frá stofnun deildarinnar 1968.



Á góðri stundu: Bára Jósefsdóttir, Hrefna Grétarsdóttir, Guðrún Danielsdóttir og Lilja Pétursdóttir.



Ósk Jóhannesdóttir, Hafðís Karvelsdóttir og Sigríður Jónsdóttir.

Fæðinga- og kvensjúkdómadeild



Nýjum einstaklingi hjálpað í heiminn með keisaraskurði.



*Anna Björnsdóttir
deildarstjóri.*

Frétt úr blaðinu „Akranes“ í ársbyrjun 1955.

„Árið 1954 fæddust 112 börn á Akranesi, 70 skilgetin en 42 óskilgetin.

76 þeirra fæddust á sjúkrahúsinu en 36 í heimahúsi.“

Fæðinga- og kvensjúkdómadeild, C-deild, var formlega opnuð sem deild þann 23. apríl 1972 og hafði 12 rúm til umráða. Fram að þeim tíma höfðu kvensjúkdómaaðgerðir og fæðingar tilheyrt handlækningadeildinni. Fyrsti yfirlæknir deildarinnar var Árni Ingólfsson sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. Hann hóf störf við sjúkrahúsið árið 1969 en var yfirlæknir frá stofnun deildarinnar til ársins 1981. Núverandi yfirlæknir, Stefán Helgason, tók við af Árna. Frá árinu 1978 hafa að jafnaði starfað tveir sérfræðingar við deildina.

Fæðingar hafa verið á sjúkrahúsinu allt frá opnun þess og fyrsta barnið, Birgitta Guðnadóttir, fæddist þann 25. júlí 1952. Fæðingum hefur fjölgað og hafa undanfarið verið um 200 að meðaltali á ári en frá því að sjúkrahúsið tók til starfa fyrir 50 árum hafa fæðst þar um 8000 börn.

Fyrsta ljósmóðirin var Þuríður Guðnadóttir. Starfaði hún ein fyrst í stað en síðar voru að jafnaði tvær ljósmæður starfandi við spítalann og unnu þær hvor sína vikuna. Jónína Ingólfssdóttir hóf störf við sjúkrahúsið haustið 1965. Vinnutíminn var oft langur og álag mikið. Sem dæmi má nefna að Jónína tók eitt sinn á móti 11 börnum á einni helgi árið 1968 og komst þá ekki heim til sín í 4 daga. Á þessum árum voru ljósmæðurnar ekki á föstum launum heldur fengu greidda ákveðna upphæð fyrir hverja fæðingu. Vegna vaxandi starfsemi og vinnuálags var tekið upp vaktakerfi hjá ljósmæðrum árið 1969. Jónína var ráðin yfirljósmóðir árið 1973. Hún vann mikið brautryðjandastarf og lagði grunninn að deildinni eins og hún er í dag. Jónína lét af störfum í mars 2001 og þá var staða yfirljósmóður lögð niður vegna skipulagsbreytinga.

Í elstu álmunni var ein fæðingastofa og ein stofa fyrir sængurkonur. Árið 1968 var sængurkvennastofan flutt með handlækningadeildinni á aðra hæð sjúkraálmu. Fæðingastofa og skurðstofa voru áfram staðsettar í elsta hluta spítalans allt til ársins 1978 er þær fluttu á nýjan skurðstofugang sem þá var tekinn í notkun. Við þessar breytingar voru teknar í notkun tvær nýjar og rúmgóðar fæðingastofur og öll aðstaða fyrir fæðandi konur batnaði til muna.

Það var ekki fyrr en árið 1988 sem deildin varð sjálfstæð rekstrareining. Þá var ráðinn hjúkrunardeildarstjóri og gegndi Sólveig Kristinsdóttir því starfi í 10 ár eða til ársins 1998. Núverandi deildarstjóri er Anna Björnsdóttir sem gegnt hefur starfinu frá árinu 2000. Við breytinguna fluttust stöðugildi sjúkraliða sem höfðu verið 3,5 frá árinu 1988 yfir á handlækningadeildina og eftir það hefur deildin eingöngu verið mönnum ljósmæðrum og hjúkrunarfræðingum með ljósmæðramenntun sem eru nú 10 í 5,9 stöðugildum. Á deildinni er unnið að skipulegri skráningu hjúkrunar.

Árið 1995 var rúmum fækkað úr 16 í 9, m.a. vegna breyttrar meðferðar, styttri legutíma og tilkomu dagdeildar en á dagdeild eru framkvæmdar flestar minni háttar kvensjúkdómaadgerðir. Innlagnir á deildina síðasta ár voru 402, þar af 196 fæðingar.

Deildin er mjög vel tækjum búin og er meðal bestu fæðingadeilda á landinu. Deildin sinnir vaktþjónustu allan sólarhringinn og veitir alla almenna þjónustu og bráðþjónustu tengda kvensjúkdómum, meðgöngu, fæðingu og sængurlegu. Á deildinni eru framkvæmdar allar stærri adgerðir tengdar kvensjúkdómum og fæðingarhjálp.

Fyrirhugað er að hefja framkvæmdir við nýtt húsnæði fæðinga- og kvensjúkdóma-deildar á afmælisárinu og þeirri framkvæmd á að vera lokið í síðasta lagi 2004. Mun deildin flytjast í gömlu skurðstofuálmuna. Þar með rætist langþráður draumur um úrbætur í húsnæðismálum.



Gíslína Lóa Kristinsdóttir, Dagbjört Friðriksdóttir og Helga Höskuldsdóttir.




Jónína Ingólfsdóttir ljósmóðir í góðum félagsskap.



Á vaktinni. Bára Jósefsdóttir, Jónína Ingólfsdóttir, Helga Höskuldsdóttir og Guðfinna Magnúsdóttir.

Hjúkrunar- og endurhæfingardeild



Sjúkraliðar við störf.



Ingibjörg Björnsdóttir, Anna Lilja Danielsdóttir, Rut Hinriksdóttir, Sigurey Lúðvicksdóttir, Margrét Vífilisdóttir og Jónína Halldórsdóttir.



Louise Steindal deildarstjóri.

Hjúkrunar- og endurhæfingardeild, E-deild, tók til starfa 2. febrúar árið 1977 og er staðsett í elsta hluta hússins sem upphaflega rúmaði alla starfsemi sjúkrahússins. Deildinni var ætlað að vera langlegudeild fyrir aldraða, mikið andlega og/eða líkamlega veika, sem aðallega þörfnuðust umönnunar en ekki virkrar lækni meðferðar eða mikillar hjúkrunar.

Breytingar höfðu verið gerðar á húsnæðinu til að aðlaga það breyttri starfsemi. Iðjuþjálfun fékk húsnæði í hliðarálmu á deildinni og var starfrækt þar til ársins 1993, þegar starfsemin fékk húsnæði í kjallara nýbyggingar. Stuttu síðar var hliðarálman gerð upp og var ætlað að vera vísir að deild fyrir Alzheimersjúklinga. Þar eru fjögur einsmanns herbergi, setustofa, snyrting og lítil sturta. Fljótlega kom í ljós að húsnæðið hentaði illa sem sérstök deild og var því fallið frá þessum hugmyndum. Deildin rúmaði upphaflega 30 sjúklinga en í dag er hámarksfjöldi sjúklinga 22. Síðustu fimm árin hafa innlagnir á deildina verið að meðaltali 60 á ári.

Á fyrstu árunum var lítið um hjálpartæki og umönnun því oft mjög líkamlega og andlega erfið en með tilkomu hjálpartækja, svo sem lyftarar, hefur starfið orðið léttara.

Miklar breytingar hafa orðið í umönnun langveikra og aldraðra á þessum 25 árum sem deildin hefur starfað. Öldrun og sjúkdómar tengdir öldrun hafa verið í sviðsljósinu og rannsóknarefni um allan heim. Með aukinni þekkingu hefur orðið mikil breyting á hugmyndum manna um aðbúnað, lífsgæði og sjálfsákvörðunarrétt þessa sjúklingahóps. Ný lyf hafa komið á markaðinn sem bæta líðan og ástand sjúklinganna og auka þar með lífsgæði þeirra. Starfsemi E-deildar hefur breyst með þessari þróun úr því að vera einungis langlegudeild fyrir sjúklinga sem þörfnuðust svo til eingöngu umönnunar en lítillir virkrar hjúkrunarmedferðar í það að vera virk öldrunarlækninga-, hjúkrunar- og endurhæfingardeild, með fjölbreytta starfsemi þar sem fólk með margvíslega sjúkdóma kemur til lengri eða skemmri dvalar. Mörkuð hefur verið stefna í líknarmedferð sem kynnt var starfsfólki og aðstandendum á síðasta ári. Lögð er áhersla á fræðslu til aðstandenda og hafa verið gerðir nokkrir fræðslubæklingar í því skyni. Haldnir eru fundir með aðstandendum eftir því sem þurfa þykir og frá 1992 hefur verið haldinn sameiginlegur fundur aðstandenda og starfsfólks deildarinnar einu sinni á ári, á vorin. Þeir eru ætlaðir til að efla tengsl, miðla fróðleik og skapa umræðu.

Mikil áhersla er lögð á að skapa heimilislegt umhverfi og að sjúklingarnir haldi reisin sinni og virðingu með því að vera vel til fara og vel til hafðir. Einnig að þeir hafi í kringum sig persónulega muni eftir því sem aðstaða leyfir. Hárskeri, hárgreiðslukona og fót snyrtir koma reglulega á deildina, en þá þjónustu þurfa vistmenn að greiða sjálfir.

Við umönnun á deildinni vinnur svo til eingöngu fagfólk á sviði hjúkrunar, þ.e. hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar. Farsælt starf deildarinnar er ekki síst að þakka góðum starfsmönnum sem sumir hverjir hafa starfað við deildina frá upphafi.

Árið 1997 voru gerðar gagngerar breytingar á húsnæði deildarinnar og haft að markmiði að gera það hentugt og vistlegt fyrir sjúklingana. Jafnframt voru gerðar miklar breytingar á innra starfi deildarinnar. Tekinn var upp vísir að einstaklingshæfðri hjúkrun, sem byggir á því að bæði sjúklingum og starfsfólki er skipt upp í þrjá hópa og sinnir sami hópur starfsmanna sama hópi sjúklinga í 8-10 vikur í einu. Þannig þekkja þeir sem sinna sjúklingnum betur þarfir hans frá degi til dags og hjúkrunin verður markvissari og betri. Jafnframt var tekið upp svokallað tenglakerfi þar sem einum sjúkraliða er falið að vera aðaltengiliður á milli stofnunar og aðstandenda hvers sjúklings. Tengillinn fylgist náið með skjólstæðingi sínum, sér um að hann hafi allt sem hann þarfnast og sér ásamt hjúkrunarfræðingi um að greina þarfir og finna úrræði sem best henta skjólstæðingi hans. Þó að starfsfólk færir reglulega milli hópa, eru aðaltenglar alltaf þeir sömu. Tengsl sjúklingsins við sína nánustu og fyrri tíma eru afar mikilvæg. Tenglarnir veita upplýsingar og vilja hjálpa aðstandendum til að viðhalda sem best þessum tengslum. Hjúkrunarfræðingar hafa umsjón með öllum hópum, halda utan um tenglakerfið og eru reiðubúnir til að aðstoða aðstandendur eftir þörfum og veita upplýsingar.

Frá því á árinu 1996 hefur verið unnið samkvæmt hjúkrunarferli og voru gerðar sérstakar staðlaðar hjúkrunargreiningar fyrir deildina 1997.

Hjúkrunargreiningar eru tæki sem notuð eru til að greina vandamál sjúklingsins og finna úrræði sem best henta vandamálum og þörfum hvers og eins. Þær eru skráðar og gert ráð fyrir að allt starfsfólk vinni eftir þeim þannig að allir sem koma að umönnun sjúklingsins fylgi ákveðinni áætlun. Á E-deild er tölvuunnið hjúkrunarskráningarkerfi sem er sérsníðið fyrir öldrunardeild. Lögð er áhersla á að gerð sé hjúkrunaráætlun fyrir alla sjúklinga á deildinni og hún yfirfarin og breytt reglulega.

Yfirlæknar lyflækningadeildar hafa jafnframt sinnt yfirlæknisstöðu við hjúkrunar- og endurhæfingardeild. Núverandi yfirlæknir er Þorkell Guðbrandsson. Fyrsti deildarstjóri hjúkrunar var Guðrún Víkingisdóttir. Núverandi deildarstjóri er Louise Steindal, sem gegnt hefur því starfi frá 1993.

Við deildina starfa að jafnaði tveir læknar af lyflækningadeild, hjúkrunarfræðingar í 3,4 stöðugildum, sjúkraliðar í 15 stöðugildum, starfsstúlkur í býtibúri í 1,5 stöðugildi og ræstingafólk í 2 stöðugildum. Einnig sinna sjúkra- og iðjuþjálfar sjúklingum deildarinnar.



Jón Jóhannesson læknir.



Fjóla Gunnlaugsdóttir, Þuríður Geirsdóttir, Sigþóra Sigurjónsdóttir, V. Olga Lárusdóttir, Hildur Hjaltadóttir, Anna Jakobsdóttir og Sigurey Lúðvíksdóttir.

Endurhæfing

Sjúkraþjálfun



Starfsfólk endurhæfingardeildar.
Talið f.v.: Halldóra Ingibjartsdóttir,
Ingibjörg Óskarsdóttir, Ríkey Andrés-
dóttir, Sigrún Ásmundsdóttir og Ing-
unn Viðarsdóttir. Á myndina vantar
Sigurð Sigursteinsson.



Sjúkraþjálfarar að störfum.

Fljótlega eftir stofnun Sjúkrahúss Akraness tók til starfa Torfhildur Helgadóttir, sem bar titilinn nuddkona, en sinnti að nokkru leyti sömu störfum og sjúkraþjálfarar gera í dag eins og nuddi, æfingum og hitameðferð. Nuddkonur voru seinna stofnendur Félags íslenskra sjúkraþjálfara ásamt fyrstu sjúkraþjálfurunum og teljast því í sögulegu tilliti fyrstu sjúkraþjálfararnir. Torfhildur vann á sjúkrahúsinu auk þess að reka stofu úti í bæ, þar til Georg Janusson kom til starfa 1976, þá nýkominn úr námi í Svíþjóð. Aðstaða til sjúkraþjálfunar hafði fram að því ekki verið til staðar en fljótlega eftir komu Georgs var komið upp aðstöðu á neðri hæð í elstu álmu sjúkrahússins, þar sem nú er skrifstofa framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra. Tækjabúnaður var kostaður af Verkalýðsfélagi Akraness og Sjálfsbjörgu, meðferðarbekkur, þrekhljól og togtæki. Aðstaðan var ekki stór og með tímanum varð hún illa nothæf af þeim sökum að ekki var pláss fyrir ný tæki og erfitt að komast með fatlað fólk þar inn. Fór því mest af starfi sjúkraþjálfara fram á deildum sjúkrahússins. Ásamt Georg var ráðinn til starfa einn aðstoðarmaður, Kristín Magnúsdóttir. Árið 1981 var bætt við öðru stöðugildi sjúkraþjálfara vegna aukinna verkefna. Árið 1983 hélt Georg Janusson til framhaldsnáms og við tóku ýmsir sjúkraþjálfarar sem stoppuðu mislengi og stöðugildin voru ekki alltaf fullnýtt vegna skorts á menntuðum sjúkraþjálfurum.

Árið 1993 var tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir sjúkraþjálfun á neðstu hæð heilsgæsluálmú og breytti það starfsaðstöðunni mikið. Talsvert var keypt af nýjum tækjum sem Samband borgfirskra kvenna kostaði að stórum hluta og kom mestur hluti þess fjár úr svokölluðum Sundlaugarsjóði sem hafði verið stofnaður allnokkrum árum áður. Í fyrsta skipti hafði sjúkraþjálfun sal til notkunar auk meðferðarklefa, skrifstofu og starfsmannaaðstöðu. Enn fer þó talsvert af starfinu fram á legudeildum.

Innliggjandi sjúklingar hafa forgang að þjálfun en jafnframt hefur verið sinnt þjálfun fyrir göngudeildarsjúklinga eins og tími hefur leyft. Verkefni hvers tíma hafa mikið mótast af því hvaða sérfræðingar hafa starfað við SHA hverju sinni, en ávallt hefur verið leitast við að sjúkraþjálfarar hafi sem breiðasta kunnáttu á sínu sviði vegna þeirra margvíslegu sjúkdómstílfella sem hingað berast. Verkefni sjúkraþjálfara á SHA eru m.a.: Æfingar, öndunaræfingar, rafmeðferð, hitameðferð, nudd og ráðgjöf ýmiss konar, bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk.

Framtíð sjúkraþjálfunar á SHA er í raun aldrei fullmótuð en ljóst er að hún mun alltaf verða háð annarri starfsemi á sjúkrahúsinu. Til stendur að húsnæðið verði í nánustu framtíð einnig nýtt fyrir töku þrekprófa en ekki er vitað hvort það verður til fram-búðar.

Nú starfa við deildina þrír sjúkraþjálfarar í 2,05 stöðugildum og aðstoðarmaður í hálfri stöðu. Stöðugildi aðstoðarmanns var minnkað í 1/2 stöðu árið 1986 og er það tæplega nóg eins og starfsemin er núna. Fyrsti yfirsjúkraþjálfari var Georg Janusson. Ingibjörg Óskarsdóttir hefur verið yfirsjúkraþjálfari sl. 15 ár.

Iðjuþjálfun

Iðjuþjálfun tók til starfa á Sjúkrahúsi Akraness í nóvember 1979. Þá var ráðin til starfans Sigrún Ásmundsdóttir sem hafði nýlokið námi í iðjuþjálfun í Danmörku.

Sjúkrahús Akraness var þá fyrst sjúkrahúsa utan Reykjavíkur til að ráða iðjuþjálfva og bjóða þannig upp á alhliða þjónustu í endurhæfingu. Engin aðstaða var til staðar og fyrstu mánuðina var iðjuþjálfun staðsett í litlu herbergi á neðri hæð í elstu álmu sjúkrahússins, við hliðina á sjúkraþjálfun. Síðar var útbúin aðstaða í hliðarálmu hjúkrunar- og endurhæfingardeildar. Þessi aðstaða var ekki stór en þjónaði sínum tilgangi allt til ársins 1993 þegar öll endurhæfing var flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði á neðstu hæð í heilsugæsluálmu.

Eftir nokkurra ára starf varð nauðsynlegt að ráða aðstoðarmann í iðjuþjálfun og árið 1986 var ráðinn starfsmaður í hálfu starf sem gegndi hálfu starfi aðstoðarmanns við sjúkraþjálfun á móti. Núverandi mönnun í iðjuþjálfun eru 1,5 stöðugildi iðjuþjálfva og hálfu stöðugildi aðstoðarmanns. Sigrún Ásmundsdóttir hefur gengt stöðu yfiriðjuþjálfva frá upphafi.

Þegar endurhæfingin fékk nýtt húsnæði 1993 gerbreytti það allri aðstöðu til hins betra. Húsnæðið var rýmra og búnaður var endurnýjaður. Þegar öll endurhæfing var komin á sama stað var hægt að veita betri þjónustu, gera heildstæðari þjálfunarátlanir fyrir sjúklinga og samskipti og samvinna þjálfara varð virkari.

Verkefni iðjuþjálfunar hafa verið hefðbundin og hefur þjónusta við inniliggjandi sjúklinga á öllum legudeildum verið í fyrirrúmi. Helstu verkefni eru æfingameðferð, færnimat og færniþjálfun, mat á þörf fyrir hjálpartæki, heimilisathuganir, virkni og viðhaldsþjálfun, fræðsla, forvarnir og ráðgjöf.

Á síðari árum hefur eftirspurn eftir göngudeildarþjónustu iðjuþjálfva aukist mjög.

Þróun í heilbrigðismálum hefur orðið til þess að sjúklingar liggja ekki eins lengi á sjúkrahúsum og áður. Því er oft nauðsynlegt að halda áfram meðferð sjúklinga eftir að sjúkrahúsvist lýkur. Ýmsa aðra þjálfun og ráðgjöf er einnig hægt að veita á göngudeild iðjuþjálfva. Þá hefur fjölgað mjög beiðnum um iðjuþjálfun barna á Akranesi. Til að koma til móts við þessar þarfir veitti heilbrigðisráðuneytið iðjuþjálfun á SHA fjárstyrk árið 1997 til að sinna göngudeildarþjónustu sem tilraunaverkefni.

Vegna áframhaldandi tilraunaverkefnis um „barnateymi“ var árið 2001 stofnað hálfu stöðugildi iðjuþjálfva við heilsugæslustöðina og var Sigurður Sigursteinsson ráðinn. Fyrst um sinn mun því þjálfun yngri barna og skólabarna með þroskafrávik vera forgangsverkefni. Aðstaða fyrir þessa nýju þjónustu hefur verið innréttuð í Grundaskóla til bráðabirgða. Líknarfélög á Akranesi gáfu tæki til starfseminnar.

Í framtíðinni verður vonandi hægt að auka umsvif iðjuþjálfunar í heilsugæslunni og verða helstu verkefni þar samstarf við heimahjúkrun, ráðleggingar og þjálfun í heima-húsum, ráðgjöf og mat á hjálpartækjapörf og fræðsla og forvarnir.



Annir í iðjuþjálfun.



Frá iðjuþjálfun.



Heilsuefning starfsfólks.

Læknaritaramiðstöð



Starfsfólk deildarinnar, f.v.: Jórunn Friðriksdóttir, Anna Dóra Tryggvadóttir, Sigþóra Ævarsdóttir, Sigurlína Guðmundsdóttir, Rósa Mýrdal, Nikólína T. Snorradóttir, Herdís Viggósdóttir og Kristín Birna Gísladóttir.



Rósa Mýrdal deildarstjóri.

Fyrsti læknaritarinn sem kom til starfa á Sjúkrahúsi Akraness var Þóra E. Ármannsdóttir og hóf hún störf árið 1969. Hún var fyrst í stað eini ritarinn en brátt bættist annar við og voru starfandi tveir læknaritarar hér fram til 1977. Í dag eru starfandi á deildinni sex læknaritarar, tveir ritarar við frágang og skjalavörslu auk skrifstofustjóra í samtals 8 stöðugildum. Deildarstjóri er Rósa Mýrdal sem hefur starfað hér frá því í desember 1974, en staða deildarstjóra var stofnuð árið 1981 þegar starfsfólki fór að fjölga á deildinni. Fyrir daga læknaritaraanna voru sjúkraskrár og aðrar upplýsingar handskrifaðar af læknum og kandiðötum og lítið var um skýrslugerðir á þeim tíma.

Á fyrstu árunum voru ritvélar helstu vinnutækin og ef eitthvað þurfti að fjölríta varð að notast við kalkipappír því ljósritunarvél kom ekki fyrir en árið 1974. Ljósritunarvélar á þessum árum voru þeim „kostum“ búnaðar að ljósritin nánast gufuðu upp eftir nokkurn tíma, þ.e. pappírinn þoldi illa ljós þannig að letrið dofnaði smám saman þar til það hvarf alveg.

Mikil breyting varð á skráningu persónuatriða árið 1975 þegar farið var að nota stensla til að skrá persónuatriði sjúklunga. Búinn var til stensill fyrir hvern sjúkling og voru upplýsingar sóttar í þjóðskrá sem var í 20 dodröntum sem þurfti að fletta upp í. Þetta voru þó miklar framfarir því áður voru persónuatriði handskrifuð á pappíra viðkomandi sjúklings og mikil hætta á villum í skráningu. Það var svo með tölvuvæðingunni 1988 að hægt var að sækja upplýsingar beint í þjóðskrá og nýta til skráningar persónuatriða.

Á árunum 1976 og 1977 fór fram nokkur undirbúnings- og þróunarvinna hér á SHA varðandi skráningu og úrvinnslu vistunarupplýsinga sjúkrahúsa á Íslandi. Verkefni þetta var unnið í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og hafði landlæknir yfirumsjón með því. Megintilgangurinn með þessu nýja kerfi, sem kallað var Akraneskerfið, var að samræma skráningu vistunarupplýsinga á öllum sjúkrahúsum á landinu og fá þannig yfirgripsmikið upplýsingakerfi fyrir betri nýtingu sjúkrahúsa og búnaðar þeirra. Áður höfðu verið til tölvuskráningarkerfi á Landspítala og Borgarspítala sem ekki þóttu henta lengur. Akraneskerfið var upphaf að samræmdri skráningu vistunarupplýsinga á sjúkrastofnunum sem nú er skilyrði að öll sjúkrahús á landinu uppfylli. Má því segja að á Sjúkrahúsi Akraness hafi verið unnið brautryðjendastarf. Í Akraneskerfinu fólst m.a. að útfylltir voru innlagningar- og útskriftarseðlar sem í fyrstu voru sendir í tölvuvinnslu á Tölvudeild Landspítala.

Á fyrstu árunum var eins og áður sagði lítið um skýrslugerðir og samantektir og sjúklingabókhald frekar frumstætt. Þó var byrjað að færa handunnar sjúkdómaskrár upp úr 1970 og í kringum 1975 var farið að halda aðgerðaskrár á sama hátt. Þannig var hægt að telja saman helstu sjúkdómsgreiningar og aðgerðir. Þessi handavinna lagðist af með tilkomu Akraneskerfisins árið 1977.

Á árunum 1987-8 fór sjúkrahúsið að tölvuæðast. Tekið var í notkun bandarískt sjúklingabókhaldskerfi, Global Health Information System, þar sem öll skráning fór fram í tölvum. Tölvur voru settar upp á deildum sjúkrahússins og hjá lækningaritum. Læknaritarar hafa eftir þetta alfarið haldið utan um sjúklingabókhaldskerfi sjúkrahússins og séð um úrvinnslu úr því. Árið 1997 var tekið í notkun það kerfi sem nú er notað, Lega frá eMR. Einnig eru hér í notkun röntgenkerfi og slysadeildarkerfi, bæði frá eMR.

Öll ritvinnsla læknaritara hefur farið fram í tölvum frá 1988 og ritvélar hafa nú nánast alfarið verið lagðar til hliðar.

Gífurlega miklar breytingar hafa orðið á umfangi starfseminnar á deildinni frá upphafi. Einnig hafa orðið róttækar breytingar á öllu vinnuumhverfi og þá sérstaklega þegar tölvuæðingin hélt innreið sína. Vart er hægt að bera saman tækjakostinn sem læknaritarar höfðu til umráða fyrstu árin og þau tæki sem deildin hefur nú. Árið 1974 samanstóð tækjakosturinn af tveimur Olivetti ritvélum og frumstæðri ljósrítunavél. Nú er öldin önnur, góðar tölvur, tvær ágætar ljósrítunavélar, faxtæki, myndskanni, plöstudarvél, gormavél, prentarar o.fl. Nýlega bættist í safnið fullkominn laser litaprentari. Þessi tækjakostur svarar aukinni starfsemi en á deildinni fer m.a. fram talsverð útgáfustarfsemi. Framleidd eru á deildinni öll eyðublöð sem notuð eru á stofnuninni, gefinn er út fjöldi fræðslubæklinga fyrir sjúklinga og auk þess gefin út ársskýrsla og fjöldi annarra prentgripa. Þrengsli setja deildinni þó miklar skorður og verður að segjast eins og er að læknaritarar búa við óviðunandi aðstöðu hvað húsnæði varðar.

Helstu verkefni deildarinnar nú auk almennra læknaritarastarfa og útgáfustarfsemi sem áður er getið, eru varsla sjúkragagna, umsjón með sjúklingabókhaldi spítalans og úrvinnsla úr því, umsjón með tölvukerfum er varða sjúklinga, s.s. legudeildarkerfi, röntgenkerfi, slysadeildarkerfi, umsjón með ársskýrslu, eyðublaðalager og fagbókasafni. Hjá lækningaritum er einnig haldið utan um vefi SHA, en fyrir á þessu ári var aðalvefurinn; www.sha.is endurgerður og jafnframt opnaður starfsmannavefur.



Úr skjalasafni.



Frá skrifstofu læknaritara.



Þuríður Þórðardóttir læknaritari sem starfaði á deildinni í rúma tvo áratugi.

Rannsóknastofa



Starfsfólk rannsóknastofu, f.v. Sigriður E. Hauksdóttir, Eyjólfur Harðarson, Bjarki Halldórsson, Solveig Axelsdóttir, Margrét Brandsdóttir og Guðríður Jónsdóttir.



Þórunn Oddsdóttir, Eyjólfur Harðarson og Málfríður Sigurðardóttir. Myndin tekin 1974.



Eyjólfur Harðarson, deildarstjóri.

Vísir að rannsóknastarfsemi í meinefna- og blóðmeinafræði hófst á Sjúkrahúsi Akraness strax og sjúkrahúsið tók til starfa árið 1952. Læknar gerðu einhverjar einfaldar rannsóknir á stofum sínum en sérstök rannsóknastofa með starfsmanni varð til 1961. Upphaf þess má rekja til ársins 1958 þegar Bragi Níelsson var ráðinn sem aðstoðarlæknir hér að stofnuninni. Fyrir hans forgöngu var sama ár Bjarna Konráðssyni, sérfræðingi í lækningarannsóknum, sem rak rannsóknastofu í Reykjavík, falið að taka út og gera áætlun fyrir rekstur rannsóknastofu á sjúkrahúsinu. Í framhaldi af því gaf Lionsklúbburinn á Akranesi tæki og annan útbúnað til stofunnar. Það kom síðan í hlut Braga að sjá um rannsóknastofuna til ársins 1961 en þá var Lúðvík Jónsson ráðinn fyrsti starfsmaður rannsóknastofunnar. Lúðvík aflaði sér síðan réttinda sem meinataeknir en sú stétt var ekki til þegar hann hóf störf á rannsóknastofunni. Hann starfaði hér til ársins 1970 en á árunum þar á eftir, til ársins 1973, voru ýmsir um stuttan tíma við störf á rannsóknastofunni. Það ár var starfsemin eflð og til starfa ráðnir tveir nýútskrifaðir meinataeknar og einn aðstoðarmaður. Síðan hefur starfsemin smám saman verið að aukast og eflast. Lengst af hefur stofan haft sérfræðing í meinefnafræði til ráðgjafar. Starfsfólki fjölgaði og um miðjan níunda áratuginn þegar flestir voru að störfum voru 9 manns í tæpum 7 stöðugildum. Síðan hefur starfsfólkinu heldur fækkað og þá aðallega vegna aukinnar tækjavæðingar og í dag eru tæplega 6 stöðugildi á rannsóknastofunni. Deildarstjóri er Eyjólfur Harðarson sem hefur starfað frá 1973.

Rannsóknastofan er í elsta hluta hússins, á neðri hæð. Lengst af bjó deildin við þrengsli og ófullnægjandi húsnæði. Á árinu 1994 var rannsóknastofan endurnýjuð. Gerðar voru gagngerar breytingar á húsnæði og settar nýjar innréttingar. Var unnið í tveimur áföngum svo að ekki þyrfti að leggja niður störf á rannsóknastofunni.

Nýja húsnæðið var sniðið að þáverandi þörfum starfseminnar en þarfir deildarinnar hafa breyst nokkuð frá þeim tíma.

Framan af var tækjabúnaður rannsóknastofunnar mjög fátæklegur en í meira en tvo áratugi hefur hann oftast verið vel viðunandi. Stóran hlut í því eiga ýmsir velunnarar spítalans sem hafa gefið rausnarlegar peningagjafir og eiga þeir þakkir skildar fyrir það. Segja má að í dag sé ágætlega að rannsóknastofunni búið og á það við bæði um húsnæði og tæki.

Upphaflega þjónaði rannsóknastofan aðallega sjúkrahúsinu en síðan bættist heilsgæslan við og 1995-6 var farið að gera rannsóknir fyrir heilsgæslustöðvarnar í Borgarnesi og Ólafsvík og Dvalarheimilið Höfða. Nú er svo komið að utanspítalarannsóknir (ambulant) eru í meirihluta.

Mikil aukning hefur orðið á starfsemi rannsóknastofunnar og einstökum rannsóknum hefur fjölgað ört. Sem dæmi má nefna að gerðar voru u.þ.b. 40 tegundir rannsókna árið 1974 en 80 tegundir árið 2001. Árið 1974 voru gerðar 250 kólesterólmælingar (blóðfitumælingar) en árið 2001 voru þær 1400. Árið 1974 voru 750 kreatininmælingar (mælingar á nýrnastarfsemi) gerðar en 3900 árið 2001.

Röntgendeild

Upphaflega var röntgendeildin starfrækt í elsta hluta hússins þar sem rannsóknardeildin er nú. Eitt röntgentæki var á röntgenstofunni og annað færanlegt, myndir voru handframkallaðar og skoðaðar á ljósaskáp sem rúmaði tvær lungnamyndir.

Í byrjun var einungis myndað fyrir hádegi og það gerði Torfi Bjarnason héraðslæknir en þegar fram liðu stundir vildi Torfi fá starfsmann í sinn stað. Jónína Finsen, fyrsti sérmenntaði sjúkraliðinn á stofnuninni var fengin í þetta starf. Torfi kenndi henni tækni-ina auk þess sem Jónína fór og fylgdist með á röntgendeildum stóru spítalanna í Reykjavík. Seinna fór hún í Röntgentæknaskóla Íslands og fékk réttindi sem röntgentæknir.

Röntgenlæknir hóf að koma á sjúkrahúsið í kringum 1970 og kom um það bil einu sinni í mánuði fyrst um sinn. Það var svo árið 1987 að gerður var samningur við röntgenlækni um að koma tvisvar í viku og sinnti hann þá að mestu leyti úrlestri ásamt ómskoðunum og stærri rannsóknum. Frá þeim tíma hefur þjónusta röntgenlæknis við deildina verið samfelld. Fram að þeim tíma sinntu læknar stofnunarinnar röntgendeildinni eftir þörfum og sáu þeir Guðjón Guðmundsson og Jón Jóhannesson nánast alfar-íð um úrlestur úr öllum röntgenmyndum sem teknar voru á árunum frá 1970 og fram til 1987. Jón sá á þessum árum einnig um að framkvæma maga- og ristilmyndatökur.

Árið 1971 var deildin flutt á lækna-gang á fyrstu hæð sjúkrahúsu þar sem hún er í dag. Þá voru tækin jafnframt endurnýjuð, keypt framköllunarvél, gaumljós og tveir ljósaskápar. Sá minni tók átta lungnamyndir í stað tveggja áður og er hann enn í notkun. Stærri skápurinn tók 80 lungnamyndir sem var gríðarleg bylting, þessi skápur var í notkun þar til nýlega að tekinn var í gagnið nýr ljósaskápur sem bæði tekur helmingi minna pláss en sá gamli og rúmar tvöfalt fleiri myndir.

Þriðja kynslóð tækja var sett upp á deildinni 1989. Það var mikil breyting til batnaðar. Röntgentækið hefur skyggnihlekk sem gerir kleift að skoða hreyfingu líffæra á skjá meðan á rannsókn stendur. Þá er mögulegt að taka myndir með fókussinn á mismunandi dýpi inni í líkamanum, svokallaðar sneiðmyndir. Hægt er að hreyfa sjúkling til á borðinu með einni aðgerð í stað þess að færa hann til með handaflí, og reisa borðið upp í lóðréttu stöðu og steypa því. Árið 1996 var keypt ómtæki sem jók greiningargetu deildarinnar mikið. Ómtækið nota auk röntgenlæknanna, hjartalæknar, þvægfæralæknar og kvensjúkdóma- og fæðingalæknar. Tækniframfarir í myndgreiningu síðustu ára snúa að langstærstum hluta að tölvuhugbúnaði. Á allra síðustu árum hefur deildum fjölgað sem eru filmulausar með öllu. Þá er myndgerðin á þann veg að sjúklingur er myndaður eins og í dag nema að myndin fer ekki á filmu heldur á minnisþynnu sem síðan er sett í laser-skanna. Skanninn túlkar myndina á stafrænt form. Þegar myndin er komin á tölvutækt form er hægt að senda hana hvert sem er til skoðunar eða úrlestrar.

Í byrjun árs 2001 breyttist starfsheiti röntgentækna í geislafræðingar.

Á röntgendeildinni er myndað alla virka daga og er bakvakt allan sólarhringinn. Fyrsti deildarstjórinn var Jónína Finsen sem starfaði við deildina í rúm 30 ár. Í dag starfa við deildina tveir geislafræðingar, einn aðstoðarmaður og þrjár röntgenlæknar sem skiptast á að koma. Deildarstjóri er Gróa Þorsteinsdóttir.



Starfsfólk röntgendeildar: Gróa Þorsteinsdóttir, Valdís Kvaran og Helga Skúladóttir.



Unnur Leifsdóttir, Kristín Ármann og Jónína Finsen. Myndin tekin 1980.



Gróa Þorsteinsdóttir deildarstjóri.

Skurð- og svæfingadeild



Við skurðaðgerð.



Hlé á milli aðgerða: Margrét Gísladóttir, Sigríður Gróa Kristjánsdóttir, Þórunn Halldórsdóttir, Guðrún Hróðmarsdóttir og Ólafía Sigurðardóttir.



Deildarstjórnar skurð- og svæfingadeildar: Ólafía Sigurðardóttir, Kristjana Kristjánsdóttir og Guðrún M. Halldórsdóttir.

Fyrsti yfirlæknir sjúkrahússins var Haukur Kristjánsson sem starfaði hér í u.þ.b. þrjú ár. Aðstæður til skurðlækninga voru þá á þann veg að inni á legudeildar-ganginum á annarri hæð var ein lítil skurðstofa.

Árið 1955 var Páll Gíslason ráðinn yfirlæknir sjúkrahússins. Með komu hans fjöl-gæði aðgerðum mjög og ráðist var í framkvæmd stærri aðgerða en áður höfðu verið gerðar á sjúkrahúsinu. Páll fór utan árið 1959 og kynnti sér æðaskurðlækningar. Eftir heimkomu hans má segja að æðaskurðlækningar hafi byrjað á Íslandi.

Bragi Nielsson, sem síðar varð yfirlæknir svæfingadeildar, hóf störf við sjúkrahúsið árið 1958. Hann byrjaði fljótlega að vinna við svæfingar ásamt öðrum störfum. Á næstu árum aflaði hann sér sérfræðimenntunar í svæfingum og deyfingum, bæði hér á landi og erlendis. Fullyrða má að samstarf þeirra Páls og Braga hafi lagt grunninn að þeirri fjölbreyttu starfsemi á sviði skurðlækninga sem haldið hefur áfram að vaxa á Sjúkrahúsi Akraness fram til þessa dags. Bragi fór einnig fyrstur lækna á Íslandi að leggja svokallaðar utanbastdeyfingar (epidural) við aðgerðir árið 1974.

Bragi Nielsson var skipaður yfirlæknir svæfingadeildar árið 1980 og þar með var svæfingadeild formlega stofnuð. Hann lét af störfum í árslok 1996. Lengst af var Bragi eini svæfingalæknir sjúkrahússins en frá 1986 hafa starfað tveir svæfingalæknar við sjúkrahúsið. Núverandi yfirlæknir deildarinnar er Sigurður Kr. Pétursson.

Guðjón Guðmundsson tók við yfirlæknisstöðu handlækningadeildar af Páli Gíslasyni og starfaði hann við sjúkrahúsið til ársins 1994 er hann lét af störfum af heilsufarsástæðum. Á þessum árum eflist starfsemi skurðeildar mjög að umfangi og fjölbreytni. Árið 1972 var fæðinga- og kvensjúkdómadeild stofnuð og var fyrsti yfirlæknir hennar Árni Ingólfsson sem hóf störf við sjúkrahúsið 1969. Ráðning kvensjúkdómalækni hafði í för með sér enn meiri fjölbreytni og fjölgun aðgerða á skurðeildinni. Árni hætti árið 1981 og eftirmaður hans, Stefán Helgason, er nú yfirlæknir deildarinnar.

Árið 1994 tók Magnús Eric Kolbeinsson við sem yfirlæknir handlækningadeildar. Síðan þá hefur skurðeildin verið búin nýjustu tækjum til holsjáraðgerða og eru þær veigamikill þáttur í starfsemi skurðeildar ásamt öllum venjulegum kvíðarholsaðgerðum. Auk þeirra eru liðskiptaaðgerðir, háls-, nef- og eyrnaaðgerðir, þvágfæraaðgerðir, lýtaaðgerðir og aðgerðir á vegum fæðinga- og kvensjúkdómadeildar stærsti þátturinn í starfsemi skurðeildar.

Skurð- og svæfingadeild flutti í nýtt húsnæði í desember 1978. Þá voru teknar í notkun tvær ágætar skurðstofur, vöknun og sóttthreinsideild. Fljótlega kom í ljós að deildinni var of þröngt skorinn stakkur og stækkunarmöguleikar engir. Þess vegna var hafist handa við byggingu nýrrar skurð- og svæfingadeildar sem tók til starfa 30. september árið 2000. Nýja deildin er björt og rúmgóð með þremur skurðstofum, vöknun fyrir 6-7 sjúklinga og móttöku fyrir dagdeildarsjúklinga.

Aðstaða til sóttthreinsunar er enn á gamla skurðstofuganginum, en verið er að vinna að hönnun nýrrar deildar sem verður tilbúin á þessu ári.

Það hefur orðið mikil breyting á allri starfsaðstöðu og tækjabúnaði á þeim tíma sem liðinn er síðan skurðdeildin var nánast ein lítil skurðstofa.

Að sögn Krístrúnar Guðmundsdóttur, starfsstúlku, sem unnið hefur á deildinni bæði við svæfingar og aðgerðir, óslitið síðan 1964, var skurðstofan aðeins opin fyrir hádegi fyrstu árin. Starfsfólkið, sem var hjúkrunarfræðingur og starfsstúlka, vann á skiptistofunni eftir hádegi eða aðstoðaði við krufningar þegar þess þurfti. Mikill tími fór í undirbúning og frágang eftir aðgerðir því sóttthreinsa varð öll áhöld, dúka og annað sem nota þurfti. Fyrstu árin voru aðgerðarhanskar þvegnir eftir notkun og sóttthreinsaðir og jafnvel þeir vökvar sem gefnir voru í æð meðan á aðgerð stóð voru blandaðir á staðnum og dauðhreinsaðir.

Margir hafa komið við sögu á þeim fimmtíu árum sem liðin eru frá því deildin tók til starfa en aðeins fára verður getið hér.

Ósk Jóhannesdóttir, hjúkrunarfræðingur, starfaði sem deildarstjóri skurðdeildar í 15 ár samfellt. Hún lét af störfum við deildina um 1981 og Clive Halliwell var deildarstjóri frá árinu 1983 til 2000. Núverandi deildarstjóri skurðdeildar eru þær Ólafía Sigurðardóttir og Kristjana Kristjánsdóttir. Guðrún Margrét Halldórsdóttir var ráðin fyrsti deildarstjóri svæfingadeildar árið 1984 og gegnir því starfi enn.


Þessir stjórnendur hafa mótað starfsemi og þróun deildanna síðustu þrjá áratugin á samt mörgum öðrum sem um lengri eða skemmri tíma hafa starfað þar.

Fjöldi starfsmanna hefur margfaldast síðan starfslið skurðstofu var einn hjúkrunarfræðingur og starfsstúlka. Nú starfa við deildirnar samtals 19 manns í 14 stöðugildum.

Árið 1971 voru framkvæmdar rösklega 700 aðgerðir en á síðasta ári voru aðgerðir á þriðja þúsund svo augljóst er að afköst hafa vaxið í takt við aukinn mannafla og bætt húsakynni á liðnum árum.



Sigurður Kr. Pétursson yfirleknir að störfum.



Guðjón Guðmundsson við skurðaðgerð ásamt aðstoðarlækni. Myndin er tekin 1978.



Krístrún Guðmundsdóttir starfsmaður skurðstofu frá 1965. Hún er með lengstan starfsaldur núverandi starfsmanna á SHA.

Slysa-, endurkomu- og speglandeild



Við störf á skiptistofu. Guðríður Guðmundsdóttir og Sesselja Engilbertsdóttir.



Guðríður Guðmundsdóttir deildarstjóri.

Þegar Sjúkrahús Akraness tók til starfa var eitt herbergi á fyrstu hæð, notað sem slysastofa. Þar var tekið á móti veiku og slösuðu fólki, saumað og sett í gips. Einnig voru gerðar smáaðgerðir s.s. fjarlægðir fæðingarblettir, neglur og fleira. Enginn fastur starfsmaður var ráðinn á stofuna, heldur var þessu sinnt af læknum, hjúkrunarfræðingum og öðru starfsfólki sjúkrahússins. Það var ekki fyrr en 1971 að ráðin var starfsstúlka á slysastofuna en það var Gunnhildur Júlíusdóttir. Hlutverk hennar var að taka á móti sjúklingum, aðstoða við aðgerðir, þvo áhöld, brjóta grisjur og margt fleira.

Árið 1971 var fyrst farið að skrá komur á slysaedeild, en það ár voru þær alls 791.

Í júlí 1974 var slysaedeildin flutt á lækna-gang á fyrstu hæð sjúkrahúsu og þar er hún enn. Þá var ráðinn hjúkrunarfræðingur, Ragnhildur Theódórsdóttir, í hálfu starfi og Gunnhildur starfaði áfram. Það ár jókst starfsemi deildarinnar, m.a. með tilkomu magaspeglunartækis sem keypt var fyrir gjafafé. Þáverandi yfirlæknir handlækningaedeildar, Guðjón Guðmundsson, gerði magaspeglanir sem voru 60 fyrsta árið. Árið 1991 voru þær orðnar 155.

Árið 1985 fékk deildin stutt ristilspeglunartæki. Þáverandi yfirlæknir lyflækningaedeildar, Ari Jóhannesson, sá um þær speglanir. Árið 1986 voru gerðar 34 slíkar speglanir. Árið 1992 var fyrsti meltingarsérfræðingurinn ráðinn við sjúkrahúsið og samhliða fjölgaði magaspeglunum og stuttum ristilspeglunum. Árið 1994 komu ný ristil- og magaspeglunartæki. Þeim fylgdi sú breyting að hægt var að gera langar ristilspeglanir og starfsfólk gat nú fylgst með gangi rannsóknar á sjónvarpsskjá. Árið 1995 var heildarspeglanafjöldi orðinn 548. Nú eru þrjár meltingarsérfræðingar starfandi við sjúkrahúsið og framkvæma þeir allar ristil- og magaspeglanir við deildina. Heildarfjöldi speglana á deildinni árið 2001 var 633.

Árið 1988 var keypt lungnaspeglunartæki sem háls-, nef- og eyrnalæknir stofnunarinnar sér um.

Frá fyrstu tíð hefur meðferð beinbrota verið stór þáttur í starfsemi slystofu og sáu yfirlæknar handlækningadeildar um þann þátt þar til í júlí 1990 að bæklunarlæknir var fastráðinn til starfa við sjúkrahúsið. Með tilkomu bæklunarlæknis fjölgaði einnig ýms-um aðgerðum á deildinni, svo sem aðgerðum á taugum og sinum. Auk meltingarsér-
fræðinga og bæklunarlækna framkvæma skurðlæknar og lýtalæknir fjölda smærri að-
gerða á deildinni.


Yfirlæknar handlækningadeildar hafa jafnframt sinnt yfirlæknisstöðu við slysideild-
ina. Núverandi yfirlæknir er Magnús E. Kolbeinsson.

Slysideildin sinnir bráðaþjónustu allan sólarhringinn alla daga ársins og sinna að-
stoðarlæknar á sjúkrahúsvakt þeirri þjónustu utan dagvinnutíma ásamt hjúkrunarfræð-
ingum handlækningadeildar.

Árið 2001 voru komur á skiptistofu 3.495, aðgerðir 1.074 og speglanir 633. Eins og
sjá má hefur starfsemi deildarinnar aukist frá ári til árs. Starfsmannafjöldi deildarinnar
hefur verið sá sami frá árinu 1976, ein staða hjúkrunarfræðings og ein staða sjúkraliða.
Deildarstjóri er Guðríður Guðmundsdóttir. Vegna aukinna umsvifa er húsrými deildar-
innar löngu fullnýtt og brýn þörf á úrbótum.



*Frá hópslysaeftingu á SHA. Á myndinni má m.a. sjá Ólafíu Sigurðardóttur, Önnu M. Helga-
dóttur og Guðfinnu Magnúsdóttur.*



*Hafsteinn Guðjónsson, Sjöfn Krist-
jánsdóttir og Þórir Bergmundsson.*

Aðalskrifstofa



*Ásgeir Ásgeirsson
skrifstofustjóri.*

Rekstur skrifstofu á SHA hefur tekið miklum breytingum á þeim 50 árum sem liðin eru frá stofnun. Allt til ársins 1970 var skrifstofuhald alfarið í höndum framkvæmdastjóra en það ár var ráðinn skrifstofumaður til að hafa umsjón með launum starfsmanna ásamt fleiru. Árið 1988 var ráðinn skrifstofustjóri, Ásgeir Ásgeirsson og gegnir hann því starfi enn. Nú starfa auk framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra, þrír starfsmenn á skrifstofunni, bókarí, launafulltrúi og innheimtustjóri.

Veigamestu breytingar í öllu skrifstofuhaldi urðu með tilkomu tölvuvæðingar. Árið 1987 var hafist handa við að tölvuvæða launabókhald. Árið 1988 var síðan farið að tölvufæra almennt bókhald en til þess tíma hafði bókhald verið handfært í dagbækur. Á þessu sama ári hófst almenn innleiðing tölvunotkunar á sjúkrahúsinu. Á síðari árum hafa tölvur og rekstur þeirra orðið æ umfangsmeiri þáttur í rekstri skrifstofu sem hefur umsjón með rekstri tölvukerfa. Í dag eru í notkun um 60 tölvur fyrir um 100 starfsmenn og er notkunarsvið þeirra mjög víðtækt. Annað sem hefur breyst mikið á undanförunum árum er að samskipti við stjórnvöld hafa stóraukist og auknar skyldur verið lagðar á herðar stjórnenda.



*Sigríður Guðmundsdóttir innkaupastjóri, Adda Mariusdóttir
launafulltrúi og Guðný Sigurðardóttir bókarí.*

Eldhús

Upphafi var eldhúsið á fyrstu hæð norðurálmú þar sem þvottahúsið er nú. Þá var eldað fyrir um 40 manns á dag, þ.e. sjúklinga og starfsfólk. Í kringum 1960 var borðstofan stækkuð en ekki voru gerðar aðrar teljandi breytingar á húsnæðinu.

Þann 28. október 1975 flutti eldhúsið í nýtt húsnæði í hliðarálmú á fyrstu hæð þar sem það er nú. Með nýja eldhúsinu varð mikil breyting á allri vinnuaðstöðu og aðbúnaði. Við flutningana stækkaði húsnæðið margfalt eða úr 44 fermetrum í um 300 fermetra. Eftir stækkun eldhúss voru starfsmenn orðnir 11 talsins.

Fyrsta matráðskona sjúkrahússins var Guðbjörg Kristjánsdóttir. Á eftir henni komu þær Guðbjörg Árnadóttir, Ásrún Ólafsdóttir og Sigríður Óladóttir. Núverandi yfirmaður í eldhúsi er Svavar Garðarsson og hefur hann gegnt því starfi frá 1980.

Á árunum 1978 til 1992, var umfang starfseminnar í eldhúsinu hvað mest en þá var seldur heitur matur í hádeginu til Dvalarheimilisins Höfða. Á þeim árum var eldað daglega fyrir 300-350 manns. Undanfarin ár hefur umfangið heldur minnkað og er nú að jafnaði eldað fyrir um 80-100 manns á dag.


Framundan eru endurbætur á húsnæði eldhúss en litlar sem engar lagfæringar hafa verið gerðar á því frá 1975. Búið er að skrifa undir kostnaðaráætlun um breytingar á borðstofu og eldhúsi og er áætlað að því verki ljúki árið 2004. Vonandi breytist þá öll aðstaða til hins betra.



Kristbjörg Péturstóttir og Elín Bjarnadóttir við störf í eldhúsi.



Jóna Finnsdóttir og Birna Bjarnadóttir við matarskömmun.



Svavar Garðarsson bryti.

Lyfjabúr



*Ingveldur Sverrisdóttir
lyfjafræðingur.*

Þegar sjúkrahúsið tók til starfa og allt fram til ársins 1976 hafði yfirhjúkrunarkona umsjón með öllum lyfjainnkaupum. Frá árinu 1976 til 1990 hafði hjúkrunarframkvæmdastjóri umsjón með lyfjabúri, lyfjainnkaupum og dreifingu. Árið 1979 fór lyfjafræðingur að koma reglulega til að hafa eftirlit með lyfjabúrinu og lyfjaskápum eins og kveðið var á um í lögum frá 1974.

Frá því í september árið 1990 hefur lyfjafræðingur verið fastráðinn við sjúkrahúsið. Stöðuhlutfallið var 30% fyrstu árin en er nú 50%. Lyfjafræðingur annast öll innkaup á lyfjum og leitar hagstæðustu verðtilboða hverju sinni. Hann sér um afgreiðslu lyfja, hefur reglulegt eftirlit með fyrningu og fer yfir lyfjalager deilda. Lyfjafræðingur fylgist einnig með að lyf séu geymd við rétt hitastig.

Mikil fjölgun hefur orðið á lyfjategundum síðustu árin og margar lyfjagjafir eru orðnar flóknari, t.d. hefur innrennslislyfjum fjölgað verulega.

Lyfjanotkun hefur aukist og margir sjúklingar með langvinna sjúkdóma eru jafnvel á 12-15 tegundum lyfja. Lyfjakostnaður eykst ár frá ári og sem dæmi má nefna að lyfjakostnaður SHA var um 20 millj. kr. árið 2001.

Núverandi lyfjafræðingur er Ingveldur Sverrisdóttir sem tók við starfinu í ársbyrjun 2002.

Ræsting

Ræsting og störf í býtibúri eru mikilvægur hlekkur í starfsemi sjúkrahúss. Kraftur er mikils hreinlætis á stað þar sem margir sjúkir dvelja. Ekki bara á sjáanlegum óhreinindum heldur einnig því sem ekki sést með berum augum. Til gamans má geta þess að fyrir 20 árum var notað heitt vatn og sterkar sótthreinsandi sápur, helst á alla hluti og mikið af sápu og hún varð að freyða! Þessari aðferð var beitt á hverjum degi, 365 daga ársins hvort sem þess þurfti eða ekki. Innanstokksmunir og gólfdukar fengu því ekki góða meðferð. Umhverfissjónarmið voru ekki mikið til umræðu og klórinn var óspart notaður.

Vinnuaðferðir og efni hafa mikið breyst. Síðustu árin er notað minna af sterkum efnum til sótthreinsunar en meira hugsað um að brjóta smitleiðir upp og skipta um tuskur. Nú eru moppur í stað gólfklúta, pressur til að vinda gólfmoppur og örtrefjaklútar til afþurrkunar. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um breytingar. Undantekningarlítið hafa vinnuaðferðir og áhöld þróast til betri vegar fyrir starfsmenn. Reynt er að létta ræsting-arstörfin eins og hægt er því til lengdar eru ræstingar líkamlega slítandi.

Þó að margt hafi breyst í vinnuaðferðum, efnum, tækjum og tólum undanfarin ár, þá er eitt sem ekkert hefur breyst, en það er starfsfólkið. Ræstingin hefur átt því láni að fagna að hafa alltaf gott starfsfólk og margar konurnar hafa jafnvel unnið í 15-20 ár. Stöðugildi í ræstingu og býtibúri eru nú 16,8. Fram til 1976 hafði hjúkrunarforstjóri umsjón með ræstingu en þá var fyrsti ræstingastjórinn, Sigríður K. Óladóttir, ráðinn. Nú gegnir starfinu Jóna María Örlaugsdóttir, sem hefur starfað sem ræstingastjóri frá 1988.



Gengið frá í lok dags, Purrður Geirsdóttir og Margrét Guðbjartsdóttir.



Minney Pétursdóttir.



Í býtibúrinu. Þórey Þórólfsdóttir og Ragnhildur Bjarnadóttir.



Jóna María Örlaugsdóttir ræstingastjóri.

Símavakt



Rannveig Edda Hálfldánardóttir og
Sigríður Árnadóttir.



Kristín Magnúsdóttir.



Ragnheiður Ólafsdóttir
deildarstjóri.

Starfsemi skiptiborðs á Sjúkrahúsi Akraness hófst árið 1969 og var það staðsett í kjallaranum fyrst í stað. Opið var frá kl. 9-12 og 13-17 og þar vann aðeins einn starfsmaður, Ragnheiður Gunnarsdóttir (en Keli leysti nú stundum af).

Árið 1970 flutti skiptiborðið á fyrstu hæð við endann á lækna gangi. Það þótti góður staður þar sem hægt var að fylgjast með ferðum lækna því engin píptæki voru til á þeim tíma.

Í júlí 1974 var starfsemi símans flutt í nýtt anddyri við Merkigerði. Þegar starfsemi sjúkrahússins jókst enn árið 1977 var ljóst að auka þurfti þjónustu símavaktar og var farið að hafa opið frá 8-20 og starfsmenn orðnir tveir.

Í mars árið 1998 fékkst leyfi til að bæta við þriðja starfsmanninum, hluta úr degi, þegar svo var komið að upphringingar gátu farið upp í 400 á 3-4 tímum. Nú starfa á símavakt þrír starfsmenn í 2,5 stöðugildum. Deildarstjóri er Ragnheiður Ólafsdóttir.

Fleira lagðist til á skiptiborðinu en að svara í símann og því í mörg horn að líta, s.s. skrifa niður og raða í tíma hjá öllum læknum, kalla inn sjúklinga, raða niður í aðgerðir fyrir háls-, nef- og eyrnalækni, taka við greiðslum, afhenda vottorð og lyfseðla, selja rafhlöður í heyrnatæki og fleira.

Mestu breytingarnar í starfseminni voru þegar píptæki voru tekin í notkun í kringum 1980 og þegar tölvurnar komu í október árið 2000.

Vinna á skiptiborði spítalans er erilsamt starf. Þar kynnast starfsmenn mörgu fólki við ýmsar aðstæður í lífi þess. Starfsaldur kvennanna sem vinna þar ber þess glöggvitni að þeim hefur líkað starfið vel enda skemmtilegt.

Viðhalds- og tæknideild

Viðhalds- og tæknideild var formlega stofnuð sem sérstök deild á árinu 1999. Deildin á sér þó langa forsögu eða allt frá því að Þorkell Kristinsson var ráðinn umsjónarmaður á Sjúkrahúsi Akraness árið 1968.

Þorkell var eini starfsmaðurinn fyrstu árin en árið 1977 var ráðinn rafvirki í fast starf við sjúkrahúsið og nokkru síðar trésmiður og aðstoðarmaður. Nú starfa við deildina fimm manns, tveir trésmiðir, rafvirki, umsjónarmaður og aðstoðarmaður. Deildarstjóri er Halldór Hallgrímsson.

Deildin sinnir öllu almennu viðhaldi í húsinu, svo sem viðgerðum á húsnæði, tækjum og búnaði stofnunarinnar. Þá sinnir deildin allri húsvörslu, rafmagns- og tækniviðhaldi, auk málningarvinnu. Einnig sinna fjórir starfsmenn deildarinnar sjúkraflutningum.

Sem dæmi um stærri viðhaldsframkvæmdir sem hefur verið sinnt af starfsmönnum deildarinnar á síðustu árum, má nefna endurbyggingu þvottahúss, rannsóknastofu og starfsmannabústaðar, skipt hefur verið um alla glugga í sjúkraálmú og deildin hefur annast framkvæmdir á lóð. Þá hafa nýlega verið lagðar súrefnis- og soglagnir á legudeildir. Árið 1987 var settur upp brennsluofn við sjúkrahúsið sem mun vera sá fyrsti sinnar tegundar við slíka stofnun.



Starfsmenn viðhaldsdeildar, Halldór Hallgrímsson, Sigurður Már Sigmarrson, Gísli Björnsson, Hróðmar Hjartarson og Ólafur Frimann Sigurðsson.



Skipt um glugga á lækna gangi 1999.



Bragi Magnússon og Þórður Árnason sem unnu lengi á viðhaldsdeila.



Þorkell Kristinsson, umsjónarmaður frá 1968-1989.



Halldór Hallgrímsson deildarstjóri.

Pvottahús



Tekið úr pvottavélum.



Gengið frá pvotti.



*Steinunn Jónsdóttir
deildarstjóri.*

Mikið hefur breyst á 50 árum, frá einni konu með suðupott, pvottaprik og útisnúrrur til nýjustu tækni og vísinda.

Pvottahús var starfandi á spítalanum frá upphafi. Var þar fyrst starfandi Guðríður Ásmundsdóttir og gegndi hún því starfi í yfir 25 ár. Hún naut í fyrstu aðstoðar starfsstúlkna á legudeild. Í pvottahúsinu fór einnig fram viðgerð á líni.

Pvottahúsið hefur frá upphafi verið á jarðhæð hliðarálmu í elsta hluta sjúkrahússins. Fram til 1975 deildi pvottahúsið þessari álmu með eldhúsi og þar var einnig líkhús. Gengið var inn af plani en um eldhúsið fór allur frágenginn pvottur upp á deildir. Mót-taka var hins vegar í gegnum skáp ofan af deild. Saumastofan, sem einnig tilheyrir pvottahúsinu, er til húsa á neðstu hæð í starfsmannabústað. Þar er allt saumað sem sjúkrahúsið þarf á að halda nema nærfatnaður, sokkar og starfsmannafatnaður. Þar fer einnig fram viðgerð á öllu líni.

Húsnæðið var orðið mjög óhagkvæmt en úr því réttist þegar eldhúsið flutti í nýja álmu árið 1975 en þá stækkaði pvottahúsið um helming og fékk alla hliðarálmu til afnota. Árið 1987 var allt húsnæðið endurnýjað og endurskipulagt, keyptar fullkomnar pvottavélar, þurrkari, strauvél og brotvél. Mesta breytingin var þegar tekið var í notkun pokakerfið, sem felst í því að pvottur er flokkaður á deildum og pokarnir settir beint í vél og síðan þvegið á því kerfi sem litur pokanna segir til um, en það að flokka óhreinan pvott var afar hvítleitt og sóðalegt starf.

Í dag starfa sjö konur í pvottahúsinu í 6 stöðugildum og ein í 80% starfi á sauma-stofu. Deildarstjóri er Steinunn Jónsdóttir frá 1977.

Sjúkrabifreiðar og sjúkraflutningar

Það var árið 1952 sem Akranesdeild Rauða kross Íslands réðist í kaup á fyrstu sjúkrabifreiðinni. Sú bifreið reyndist ekki vel og fara litlar sögur af notkun hennar. Bifreiðin var afhent Akranesbæ og sá sjúkrahúsið um rekstur hennar frá 1953 til 1961 að samþykkt var af sjúkrahússtjórn að veita einkaaðila leyfi til kaupa á sjúkrabifreið sem hann ræki á eigin kostnað. Þannig var rekstrinum háttað til 1964 er lögreglunni var falið að sjá um sjúkraflutninga.

Um áramótin 1994-5 fluttist mannahaldið fyrir sjúkraflutninga frá lögreglunni til sjúkrahússins og heilsugæslunnar. Núna eru starfandi sex sjúkraflutningamenn og eru þeir allir með full réttindi til sjúkraflutninga. Deildarstjóri sjúkraflutninga er Gísli Björnsson. Haldin eru reglulega endurmenntunarnámskeið á Akranesi fyrir alla sjúkraflutningamenn á Vesturlandi.

Bifreiðar og búnaður sem notaður hafði verið til sjúkraflutninga var yfirleitt ófullkominn og lélegur til ársins 1980 að Akranesdeild Rauða krossins keypti fullkomna sjúkrabifreið sem afhent var lögreglunni til afnota. Frá 1980 til 1999 sá Akranesdeild RKÍ um kaup og rekstur á sjúkrabifreiðum fyrir Akraneslæknishérað. Árið 1999 var stofnaður sérstakur sjúkrabílasjóður innan RKÍ sem sér um kaup og rekstur allra sjúkrabíla í landinu. Í dag eru reknar þrjár sjúkrabifreiðar á Akranesi. Allur búnaður í þeim er sá fullkomnasti sem völ er á.

Starfssvæði sjúkraflutninga er frá Hvalfjarðarbotni að Hafnará undir Hafnarfjalli, ásamt Hvalfjarðargöngum. Einnig er fjöldi flutninga til Reykjavíkur með sjúklinga frá Sjúkrahúsinu á Akranesi til rannsókna eða innlagna. Nokkrir sjúkraflutningar eru vestur og norður um land eins og til Hólmavíkur, Reykhóla og á Snæfellsnes. Sjúkraflutningum hefur fjölgað jafnt og þétt, ekki bara á Akranesi heldur á öllu landinu. Þannig hefur flutningum fjölgað úr 208 árið 1994 í 435 árið 2000.



Sjúkrabílaflotinn og sjúkraflutningamenn.



Gísli Björnsson
deildarstjóri.

Heilsugæslustöð



Ragnheiður Björnsdóttir
hjúkrunarframkvæmdastjóri.


Heilsugæslustöðin tók til starfa árið 1975 í kjölfar laga um heilbrigðisþjónustu sem sett voru 1974 og kváðu á um fjölþætt verkefni heilsugæslunnar. Starfsemin var einföld í upphafi, en hefur orðið yfirgripsmeiri með árunum. Einn læknir, hjúkrunarkona og lækningaritari voru fyrstu starfsmenn stöðvarinnar og hefur Sigrún Sigurðardóttir, lækningaritari, unnið nánast samfellt við stöðina síðan.

Áður hafði lækniþjónusta í bænum byggst á starfi tveggja lækna, bæjarlæknis og hér- aðslæknis, sem unnu í fullu starfi að sjúklingamóttöku auk tveggja annarra lækna af sjúkrahúsinu sem voru með móttöku á læknastofu í hlutastarfi og tóku vaktir í bænum. Hjúkrunarkona vann við ungbarnavernd og heimahjúkrun og önnur við skólahjúkrun.

Þegar starfsemin hófst var engin sérstök aðstaða til fyrir heilsugæsluna og var ætlast til að hún fengi inni í sjúkrahúsinu. Læknunum tveimur var komið fyrir á lækna gangi, í óþökk sumra sem töldu ekki veita af þessu húsnæði fyrir sjúkrahúsið. Lækningaritari hafði aðstöðu með sjúkrahúsriturum og hjúkrunarfræðingur var á öðrum stað, í eldri hluta sjúkrahússins. Ýmsir landvinningar voru framundan í húsnæðismálum. Eftir að læknunum fjölgaði í þrjú árið 1987, höfðu heilsugæslulæknar þrjú herbergi á ganginum og milliherbergi, sem varð að sjúkraskrárgeymslu. Lækningaritarar, sem voru tveir, fluttu í enn eitt lækna herbergið á ganginum.

Nú var virkilega farið að þrængja að læknunum sjúkrahússins enda fjölgaði þeim og þjónustan eflidist. Það var ljóst löngu fyrr, að heilsugæslan þyrfti húsnæði, sem þjónaði þeirri starfsemi sem henni var ætlað að sinna. Uppúr 1980 var alvarlega farið að huga að nýbyggingu sem yrði í starfstengslum við sjúkrahúsið. Fyrsta fjárveiting fékkst til byggingarinnar á fjárlögum 1982. Grunnur að byggingunni var steypdur veturinn 1983-4. Síðan gekk hvorki né rak þar til 1987 að ákveðið var með 5 ára áætlun að ljúka verkinu og var nýbyggingin tekin í notkun í febrúar 1992. Ýmsar útfærslur sem voru í upphaflegu hönnuninni 1980 voru orðnar úreltar 10 árum síðar og þurfti að breyta ýmsum veggjum á síðustu stigum framkvæmdanna. Byggingin hefur þjónað heilsugæslunni vel þau 10 ár sem hún hefur verið í notkun.

Skráning heilsufarsupplýsinga hefur verið í pappírssjúkraskrá frá upphafi þar til Sögukerfið tók yfir í upphafi ársins 2001. Árin 1984 til 1999 voru ákveðnar upplýsingar tengdar aðkomu, samskiptum, tilefnum, heilsuvanda og úrlausnum einstaklinga kóðaðar í Egilsstaðakerfið. Þessi skráning gerði það að verkum að möguleiki var að gera nokkuð nákvæmar skýrslur um ýmsa tölfræði sem tengdist starfseminni og hefur það verið gert árlega frá 1985. Á árunum 1987 til 1990 voru gerðar ítarlegri skýrslur um starfseminna þar sem einnig var gerð grein fyrir tíðni slysa meðal Akurnesinga, einkum barna og unglinga. Við það að taka Sögukerfið í notkun hefur starf lækningaritara minnkad verulega þar sem læknar sinna meiri skráningu en áður og hjúkrunarfræðingar sjá um skráningu hjúkrunarverka sem kerfið gefur nú kost á. Ákveðin óánægja er með þetta nýja kerfi bæði er varðar skráningu upplýsinga og úrvinnslu gagna.



Reynir Þorsteinsson
yfirleknir.

Samkvæmt tölvuskráningu áttu heilsugæslulæknar 26.000 samskipti af ýmsu tagi við skjólstæðinga stöðvarinnar á fyrsta ári aldarinnar. Læknarnir sinna vistfólki á Dvalarheimilinu Höfða og áttu um 800 samskipti við íbúa þar. Þá hafa þeir sinnt starfsmannaheilsuvernd í Járblendiverksmiðjunni frá 1982 og sinnt heilsufarseftirliti hjá ýmsum fyrirtækjum öðrum. Á síðasta ári tók heilsugæslan að sér starfsmannaheilsuvernd í Norðuráli sem byggist á samvinnu heilsugæslulækna og hjúkrunarfræðinga stöðvarinnar.

Stöðugildi hjúkrunarfræðinga eru fjögur sem fimm hjúkrunarfræðingar/ljós móðir sinna. Hjúkrunarfræðingar og ljós móðir sinna mæðra- og ungbarnvernd, skólaheilsugæslu, starfsmannaheilsuvernd, heimahjúkrun og almennum hjúkrunarstörfum í stöðinni. Samskipti hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða í heimahjúkrun voru skráð rúmlega 3.500 við 118 sjúklinga, þar af um 2.700 vitjanir. Í ungbarnaeftirliti voru um 1.300 samskipti, þar af um 100 vitjanir, en tæplega 100 börn eru í árgangi. Ljós móðir stöðvarinnar sinnir mæðravernd í samvinnu við kvensjúkdómalækni. Þar voru skráð um 1.200 samskipti. Þrjú grunnskólar með um 1000 nemendur eru á starfssvæði stöðvarinnar. Tveir hjúkrunarfræðingar í samvinnu við lækna sjá um skólaheilsugæsluna.

Komið hefur verið á samstarfi við Fjölbautaskólann um verkefni sem tengist heilsuvernd og heilsuefingu nemenda.

Frá árinu 1984 hefur verið boðið upp á ljósamedferð fyrir einstaklinga með húðvandamál í fullkomnum ljósaklefa sem fenginn var frá húðdeild Landspítala.

Árlega fer fram krabbameinsskoðun á vegum KÍ en þá er hluti stöðvarinnar undir lagður í 10 daga vegna brjóst- og leghálsskoðunar en um 700 konur mæta til skoðunar. Mætingarhlutfallið hér á svæðinu er allgott miðað við mætingu annars staðar.

Barnalæknir hefur starfað í ungbarnaeftirliti í gegnum tíðina og verið með sérfræðimóttöku að auki. Um tíma voru starfandi geðlæknir og húðsjúkdómalæknir við stöðina.

Frá árinu 2000 hefur verið starfandi barnateymi í stöðinni sem barnalæknir ásamt skólasálfræðingum þjóna. Tilgangur teymisins er greining, ráðgjöf og meðferð hegðunar- og þroskaraskana, einkum ofvirkni. Um 16 - 18 börn koma til greiningar og meðferðar á ári hverju. Í tengslum við barnateymið hefur verið ráðinn iðjuþjálfari að stöðinni í hálf t. Leitast er við að finna honum fullt starf á sínum starfsvettvangi. Iðjuþjálfinn hefur tímabundið aðstöðu í Grundaskóla.



Erla Magnúsdóttir og Málfríður Björnsdóttir móttökuritarar.



Sigrún Sigurðardóttir læknaritari og Rún Elfa Oddsóttir móttökuritari.



*Ungur skjólstæðingur í heimsókn
hjá Reyni.*

Hlutverk heilsugæslunnar er mikilvægt í grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins. Nokkur óvissa er þó um framtíð heilsugæslu í núverandi mynd vegna skorts á heilsugæslulæknum. Líklegt er að samvinna við annað fagfólk verði aukin er fram líða stundir. Þegar er komin á samvinna við sálfræðinga skólaskrifstofu en fyrir liggur að auka samvinnu við leikskólakennara. Vinnuálag læknanna er sífellt að aukast enda íbúafjöldi orðinn rúmlega 6000 manns. Því er nauðsyn að fá vilyrði fyrir fjórða læknum. Auka þarf við stöðugildi í heimahjúkrun vegna aukinna verkefna. Æskilegt væri að félagsráðgjafi starfaði við stofnunina því fjölmörg verkefni þarf að leysa á því sviði. Þá væri einnig æskilegt að hafa aðgang að geðlækni.

Á árinu 2001 störfuðu við stöðina fimmtán starfsmenn í 10,5 stöðugildum. Reksturarkostnaður á árinu var tæpar 80 milljónir.

Fyrsti yfirlæknir heilsugæslustöðvarinnar var Guðbrandur Kjartansson sem hóf störf árið 1975. Núverandi yfirlæknir er Reynir Þorsteinsson sem hefur starfað við stöðina frá 1976. Fyrsti hjúkrunarforstjóri heilsugæslustöðvarinnar var Brynja Einarsdóttir. Ragnheiður Björnsdóttir tók við af henni árið 1992 en starf hennar breyttist í stöðu hjúkrunarframkvæmdastjóra í maí 2000.

Störf framkvæmdastjóra fyrir og nú

Undirritaður hóf störf hjá Sjúkrahúsi Akraness sem framkvæmdastjóri þann 1. maí árið 1965 og lét af störfum 1. apríl 2001. Bjarni Theódór Guðmundsson var í stöðu framkvæmdastjóra frá opnun sjúkrahússins 4. júní 1952 til 1. maí 1965. Núverandi framkvæmdastjóri er Guðjón Brjánsson sem tók við starfinu árið 2001.

Þegar litið er yfir farinn veg þá hafa orðið gríðarlegar breytingar á öllum rekstri stofnunarinnar. Fyrstu þrjú árin starfaði ég bæði sem framkvæmdastjóri og umsjónarmaður, og var vaktaskylda allan sólarhringinn. Á þessum árum var stofnunin kynt upp með svartolíu. Sú kynding var alltaf að bila þannig að útköll voru á öllum tímum sólarhringsins. Þetta batnaði á síðari árum, bæði þegar skípt var yfir í venjulega olíu og ég tala nú ekki um þegar hitaveitan kom. Þá sá framkvæmdastjóri einnig um að koma ljósavélinni í gang þegar rafmagnið fór af en það var nokkuð oft á þessum árum.

Framkvæmdastjóri var eini starfsmaður skrifstofunnar og sá um allt bókhald sem var handfært til ársins 1988 þegar tölvuvæðingin hófst á stofnuninni. Einnig sá framkvæmdastjóri um allan launaútreikning auk annars sem til féll sem var ansi margt og fjölbreytilegt á þessum árum. Við stækkun sjúkrahússins 1968 breyttist starfið töluvert. Umsjónarmaður var ráðinn árið 1968 og skrifstofustúlka árið 1970. Með tilkomu þessarra starfsmanna létti nokkuð á framkvæmdastjóra en stofnunin var að stækka og starfsfólki að fjölga og í mörg horn að líta.

Í dag starfa á skrifstofu, ásamt framkvæmdastjóra, alls fimm manns sem raunar er of lítið því kröfur til bókhalds eru alltaf að aukast frá hinu opinbera með alls konar skýrslugerð og pappírsvinnu. Mikil breyting var með tilkomu tölvanna en þá var blekpenninn lagður til hliðar og allt bókhald var unnið miklu faglegar.

Þegar saga Sjúkrahúss Akraness er skoðuð kemur í ljós að gríðarmiklu hefur verið áorkað. Það var hópur bjartsýnisfólks sem hóf byggingu þess á erfiðleikatímum en þrátt fyrir það gekk verkið vel. Árið 1963 var hafist handa við stækkun byggingarinnar og þegar henni lauk var gert ráð fyrir 95 sjúkrahúsum, auk annars rýmis. Heilsugæslustöðin flutti í nýtt húsnæði árið 1992 og árið 1998 voru þessar tvær stofnanir sameinaðar undir heitinu „Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi.“ Í tímans rás hafa orðið miklar breytingar á allri lækniþjónustu sem meðal annars hefur gert það að verkum að legutími sjúklinga hefur orðið miklu styttri en áður var, en markmið stofnunarinnar hlýtur alltaf að vera það að hafa velferð sjúklinganna að leiðarljósi. Sjúkrahúsið hefur ávallt átt því láni að fagna að hafa gott starfsfólk sem skilað hefur sínu starfi vel. Þetta er fjölmennur vinnustaður sem veitir mörg atvinnutækifæri og því hlýtur það að vera metnaður starfsmanna að stofnunin fái að starfa í þeim anda sem hún hefur gert hingað til. Nauðsynlegt er að allir starfsmenn vinni að þessu sameiginlega markmiði. Efst í huga mér er þakklæti til þeirra fjölmörgu starfsmanna og stjórnenda, bæði fyrrverandi og núverandi, fyrir ánægjulegt samstarf fyrr og síðar. Því er það ósk mín að stofnunin megi styrkjast og eflast og að Guðs blessun fylgi henni í framtíðinni.

Sigurður Ólafsson
fv. framkvæmdastjóri




Sigurður Ólafsson.



Á myndinni má sjá Bjarna Th. Guðmundsson ráðsmann koma hjólandi með mjólk á brúsum en eitt af blutverkum hans á fyrstu árum sjúkrahússins var að sækja mjólk.

Lækningaforstjóri ný staða - nýtt starf



Þórir Bergmundsson
lækningaforstjóri.

Það mun hafa verið haustið 1999 að framkvæmdastjórn Sjúkrahússins og heilsgæslustöðvarinnar á Akranesi (SHA) samþykkti að stofna til stöðu lækningaforstjóra við stofnunina. Hugmyndin var sú að lækni- og menntaáhrif myndu tæki þátt í stjórnun stofnunarinnar og ætti fast sæti í framkvæmdastjórn. Fyrirmyndin var fengin m.a. frá sjúkrahúsunum í Reykjavík og á Akureyri. Undirritaður tók við þessu starfi í maí 2000. Um er að ræða hlutastarf samhliða sérfræðilæknisstarfi.

Áður en sjúkrahúsið varð deildaskipt var hér yfirlæknir sem jafnframt var forstöðulæknir spítalans. Eftir að sjúkrahúsið varð deildaskipt fékk hver deild sinn yfirlækni. Samkvæmt lögum um læknaáráð hafa heilbrigðisstofnanir, þar sem tveir eða fleiri lækningar starfa, með sér ráð og er formaður þess jafnframt læknisfróður forsvarsmáður stofnunarinnar. Þetta hlutverk hefur flust yfir á lækningaforstjóra.

Samkvæmt skipuriti er lækningaforstjóri yfirlæknir stofnunarinnar. Lækningaforstjóri skal sjá til að lækningar séu ávallt í samræmi við lög, stefnu og markmið stofnunarinnar, gæðaviðmið í læknisfræði og viðurkennda þekkingu. Þá annast lækningaforstjóri-tengsl við þær stofnanir innan lands og utan sem sjá um menntun starfsmanna á hans sviði og koma til náms og starfa á stofnuninni.

Starfsmannamál eru mikilvægur þáttur í þessu starfi. Læknar koma og fara eins og í öðrum starfsgreinum. Finna þarf því nýja sérfræðilækna með menntun og starfsþjálfun sem fellur vel að þeirri starfsemi sem stofnunin vill halda úti. Ekki má gleyma aðstoðarlæknunum sem gegna mjög mikilvægu hlutverki við móttöku sjúkra og slasaðra. Í vissum sérgreinum hefur mjög lítil nýliðun verið á undanförunum árum. Má þar nefna sérfræðinga í kvensjúkdómum og fæðingahjálp og heimilislækna. Þá hefur verið skortur á aðstoðarlæknum í landinu á undanförunum árum. Vel hefur þó gengið að fá aðstoðarlækna að stofnuninni. Koma þar m.a. til möguleikar á að öðlast starfsreynslu og góð kjör.

Margar fyrirspurnir berast um þjónustu stofnunarinnar og sérstaklega eru tíðar fyrirspurnir um biðtíma eftir aðgerðum. Vottorðaskrif fyrir tryggingafélag í framhaldi af

slysum og sjúkdómslegu taka einnig nokkurn tíma svo og gerð áverkavottorða. Með eins árs gömlum lögum og reglugerð um sjúklingatryggingu hefur réttarstaða þeirra sjúklinga verið bætt til muna. Sjúklingar sem verða fyrir því að aðgerðir skila ekki þeim árangri sem vænst er, eða verða fyrir fylgikvillum, eiga nú rétt á bótum ef varanlegt heilsutjón hlýst af.

Hvernig er þá svona starf? Mikill munur er á því taka á móti sjúklingum, ræða við þá og reyna að veita þeim úrlausn og að stunda fundi, rýna í tölur, rökræða kosti og galla tillagna og taka ákvarðanir, sumar vinsælar, aðrar umdeildar. Því hefur oft verið haldið fram að lækna séu ekki áfjádír í að stjórnin heldur kjósi þeir frekar að stunda sjúklinga. Þessi skoðun er, álit ég, mjög útbreidd, ekki síst meðal lækna sjálfra. Þá hefur vægi stjórnunar í læknanáminu fram að þessu verið hverfandi. Hvað þetta atriði varðar eru lækna mörgum árum á eftir hjúkrunarfræðingum. Hins vegar geta lækna ekki frekar en aðrir starfsmenn heilbrigðisstofnana eftirlátið öðrum stjórnunarstörfum. Þetta hafa hjúkrunarfræðingar fyrir löngu gert sér grein fyrir. Árum saman hefur mikil áhersla verið lögð á stjórnun í hjúkrunarnáminu, jafnt grunn- sem framhaldsnámi. Ekkert er nema gott um það segja að lækna og hjúkrunarfræðingar komi sameiginlega að stjórnun sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana. Þannig nýtist menntun þeirra betur. Mikil skörun er á milli menntunar þessara stétta. Þannig leggur læknafræðin mesta áherslu á lífvísindi og sjúkdómafræði en hjúkrunarfræðin tekur félagslegu þættina meira inn á sitt svið.

Starf lækningaforstjóra SHA er aðeins tveggja ára gamalt og á því eftir að mótast mikil. Breytingar og framfarir innan læknafræðinnar eru örur. Skurðaðgerðir, sem áður kröfðust margra daga sjúkrahúslegu, er nú hægt að framkvæma á einfaldari hátt en áður og útskrifa sjúkling samdægurs. Óhjákvæmilegt er að nálægð höfuðborgarsvæðisins, og aukin samkeppni þar með, leiði til breytinga sem okkur stendur stuggur af. En henni fylgja ný sóknarfæri sem brýnt er að koma auga á og nýta.

*Þórir Bergmundsson
lækningaforstjóri*

Starf yfirhjúkrunarkonu - hjúkrunarforstjóra *fyrir og nú*



*Steinunn Sigurðardóttir
hjúkrunarforstjóri*


Þau 50 ár sem Sjúkrahús Akraness hefur starfað hafa orðið miklar breytingar á hjúkrunarstarfinu. Þær breytingar verða ekki raktar hér heldur sagt frá helstu breytingum sem orðið hafa á starfi hjúkrunarforstjóra þetta tímabil.

Þegar sjúkrahúsið tók til starfa var fyrsta yfirhjúkrunarkonan ráðin og hafa tíu einstaklingar gengt þessu starfi um lengri eða skemmri tíma. Þær eru: Jónína Bjarnadóttir, Sigurlín Gunnarsdóttir, Sigurbjörg Jóhannsdóttir, Ragnhildur Theodórsdóttir, Þóra Björk Kristinsdóttir, Jónína L. Guðmundsdóttir, Ásthildur Einarsdóttir, Steinunn Sigurðardóttir, Jóhanna F. Jóhannesdóttir og Sigríður Lister. Núverandi hjúkrunarforstjóri, Steinunn Sigurðardóttir hefur gegnt starfinu í alls 18 ár, lengur en nokkur önnur.

Í upphafi var stöðuheitið yfirhjúkrunarkona, þá forstöðukona en um 1976 var stöðuheitið hjúkrunarforstjóri tekið upp. Árið 1976 þótti starfið orðið svo umfangsmikið að ákveðið var að ráða jafnframt hjúkrunarframkvæmdastjóra.

Í upphafi var starfssvið yfirhjúkrunarkonu mjög umfangsmikið. Hún vann við hjúkrun þeirra sjúklunga sem lágu á sjúkrahúsinu, stjórnaði allri umönnun og ræstingu, sá um nánast allt starfsmannahald, sá um innkaup á hjúkrunar- og lækningavörum, innkaup á lyfjum auk afgreiðslu á þeim. Einnig sá hún um menntun sjúkraliða þau ár sem námið fór fram við stofnunina. Alls voru haldin sjö námskeið, það fyrsta 1966 og það síðasta 1982. Segja má að hún hafi verið húsmóðirin á heimilinu.

Eins og fyrir segir var ráðinn hjúkrunarframkvæmdastjóri 1976 sem annaðist öll innkaup á lyfjum, hjúkrunar- og lækningavörum og tækjum. Það ár varð hjúkrunarforstjórastaðan eingöngu stjórnunarstaða og hefur verið það síðan. Um áramótin 1997-8 var ákveðið að leggja niður stöðu hjúkrunarframkvæmdastjóra og stofna stöðu verkefnastjóra sem væri hjúkrunarmenntaður, og hins vegar stöðu innkaupastjóra sem hefði aðra menntun. Innkaupastjóri tók til starfa í ársbyrjun 1999 og verkefnastjóri í maí 2000. Áður, eða árið 1976, var fyrsti ræstingastjórinn ráðinn og árið 1979 var ráðinn lyfjafræðingur sem annaðist eftirlit með lyfjabúrinu einn til tvo daga í mánuði. Síðar tóku lyfjafræðingar þennan þátt yfir.




Árið 1997 var formleg framkvæmdastjórn stofnuð við stofnunina og situr hjúkrunarforstjóri í henni ásamt forstjóra, lækningaforstjóra, skrifstofustjóra og yfirlækni heilsugæslusviðs. Þannig tekur hjúkrunarforstjóri formlega þátt í yfirstjórn stofnunarinnar.

Formleg sameining á sjúkrahúsinu og heilsugæslutöðinni í eina stofnun átti sér stað 1998 og heitir stofnunin nú „Sjúkrahúsið og heilsugæslutöðin á Akranesi.“ Í maí 2000 var ákveðið að einn hjúkrunarforstjóri yrði yfir þessari stofnun og þeirri stöðu gegnir undirrituð. Stöðu hjúkrunarforstjóra á heilsugæslusviði var breytt í stöðu hjúkrunarframkvæmdastjóra sem annast alla stjórnun á því sviði.

Erfitt er að geta sér til um hvaða breytingar munu verða á starfi hjúkrunarforstjóra í framtíðinni. Gera má ráð fyrir því að hjúkrunarforstjóri muni áfram taka virkan þátt í stjórnun allrar stofnunarinnar auk þess sem viðkomandi mun leiða hjúkrunarstarfið og vinna að framþróun og innleiða nýjungar í faginu. Starfsmannastjórnun hefur alltaf verið mikilvægur þáttur í starfi hjúkrunarforstjóra og mun verða það áfram, en í dag sér hjúkrunarforstjóri um starfsmannahald og ráðningar í allar stöður hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraliða, alls um eitt hundrað starfsmenn.

Steinunn Sigurðardóttir
hjúkrunarforstjóri

SHA sem kennslu- og vísindastofnun



Aðstoðarlæknar 1985-1986. Baldur Tumi Baldursson, Björn Gunnarsson, Óttar Ármannsson og Einar Guðlaugsson.

Rannsóknir á SHA

Skráning fylgikvilla lyfjameðferðar á Sjúkrahúsi Akraness 1974-1979. Rannsókn unnin af Guðmundi Árnasyni og Jóni Jóhannessyni. (*Lækna-bláðið*, 1984. 70: 3-21).

Kransæðastífla á Sjúkrahúsi Akraness 1981-1987. Rannsókn unnin af Ara Jóhannessyni og Guðbjörgu Sigurgeirsdóttur (*Lækna-bláðið*, 1989. 75: 34).

Lækkun áhættuþátta hjarta- og æðasjúkdóma meðal verksmiðju-fólks. Rannsókn unnin af Reyni Þorsteinssyni, Ara Jóhannessyni, Halldóri Jónsson, Þóri Þórhallssyni og Jóhanni Á. Sigurðssyni. (*Lækna-bláðið*, 1992. 79: 163-9 og *Scand J Prim Health Care*, 1994. 12: 93-9).

Athugun á notkun magasárslyfja meðal sjúklinga á lyflækningadeild. Rannsókn unnin af Sigurði Ólafssyni og Ara Jóhannessyni. (*Lækna-bláðið*, 1996. Fylgirit 31. E-30. Útdráttur).

Saga Sjúkrahúss Akraness sem kennslustofnunar er á margan hátt merkileg. Lögð hefur verið áhersla á kennslu læknanema, hjúkrunarfræðinema, sjúkraliðanema, læknaritaranema og nema í sjúkra- og iðjuþjálfun. Auk kennslu hefur verið unnið að ýmsu varðandi vísindastörf og þróunarvinnu á stofnuninni. Sem dæmi má nefna að sjúkrahúsið gegndi lykilhlutverki við tölvuvæðingu sjúkrahúsa á árunum 1976-77. Frá árinu 2000 hafa hjúkrunarfræðingar og ljósmæður á sjúkrahúsinu verið í fararbroddi í þróun skráningar og notkun viðurkenndra flokkunarkerfa.

Fimm læknar sem nú starfa við stofnunina hafa lokið doktorsprófi í sinni sérgrein. Það eru þeir Ársæll Kristjánsson, Brynjólfur Y. Jónsson, Stefán Helgason, Sveinbjörn Brandsson og Þorkell Guðbrandsson.

Læknar stofnunarinnar hafa birt greinar í innlendum og erlendum vísindatímaritum og unnið að ýmsum vísindarannsóknnum hérlandis og erlendis. Á öðrum stað í þessum kafla eru taldar upp rannsókir sem unnar hafa verið á SHA og byggja á gögnum frá stofnuninni.

Læknanemar

Strax við stofnun Sjúkrahúss Akraness var farið að sinna verklegri kennslu læknastúdenta sem komu til eins mánaðar dvalar í senn. Síðar voru aðstoðarlæknar ráðnir til eins árs dvalar, svonefnds kandidatsárs, en hlutu síðan almennt lækningaleyfi. Fólst í þessu veruleg viðurkenning fyrir sjúkrahúsið sem kennslustofnun. Læknakandidatar voru að jafnaði fjórir í senn á árunum 1978 til 1991. Þá var þeim fækkað aftur í þrjá og hafa síðan að jafnaði verið þrír aðstoðarlæknar við störf á SHA á hverjum tíma.

Þrír til fjórir læknanemar á fimmta ári hafa komið reglulega undanfarin sex ár á heilsugæslustöðina í eins til tvær vikur í senn í verklega kennslu. Læknanemar á fimmta ári hafa einnig komið á svæfingadeild og handlækningadeild í verknám.

Sjúkrahúsið hefur ávallt verið vinsæll staður hjá aðstoðarlæknum og tiltölulega auðvelt með nýráðningar enda er hér kjörinn staður til að öðlast góða starfsreynslu vegna fjölbreyttrar starfsemi.

Hjúkrunarnemar

Hjúkrunarnemar frá Hjúkrunarskóla Íslands komu í verklegt nám á árunum 1960-70 og frá Nýja hjúkrunarskólanum 1976-77. Steinunn Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri vann ötullega að því að Háskóli Íslands sendi hingað hjúkrunarnema og frá árinu 1994 hafa nemar á fyrst og öðru ári komið í verknám á legudeildir og heilsugæslu ásamt skurð- og svæfingadeild. Þá hafa hjúkrunarfræðingar í framhaldsnámi í ljósmæðrafræðum stundað verknám á fæðinga- og kvensjúkdómadeildinni frá árinu 1997. Árið 1996 fór Háskólinn á Akureyri að senda hingað hjúkrunarnema og voru fyrsta, annars og þriðja árs nemar sendir í verknám á sjúkrahúsið og fjórða árs nemar á heilsugæsluna. Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður á SHA hafa lagt mikinn metnað í kennsluna og

nemar hafa gefið kennslunni góða einkunn. Þetta hefur m.a. leitt til þess að Háskólinn á Akureyri hefur leitað eftir að SHA taki hjúkrunarnema í verknám af öllum námsárum frá haustinu 2002.

Sjúkraliðanemar

Þann 30. ágúst 1966 ákvað sjúkrahúsið að halda námskeið fyrir sjúkraliða sem þá var nýtt starfsheiti aðstoðarfólks í hjúkrun sem ráðið var til starfa vegna skorts á hjúkrunarfræðingum. Læknum og hjúkrunarfræðingum sjúkrahússins var falið að sjá um námskeiðin og var Ragnhildur Theódórsdóttir ráðinn kennari. Haldin voru fjögur námskeið á árunum 1966-1974 og útskrifaðust alls 44 sjúkraliðar: 8 árið 1967, 11 árið 1969, 10 árið 1971 og 15 árið 1974. Ragnhildur var kennari á öllum námskeiðunum en Brynja Einarsdóttir kenndi einnig á þremur þeirra. Námsjúkraliða færðist síðan yfir í Sjúkraliðaskóla Íslands og síðar inn í Fjölbrautaskólana. Á árunum 1979-1982 sá Steinunn Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri um starfsnám og hjúkrunarfræðikennslu sjúkraliðanema í Fjölbrautaskóla Vesturlands og útskrifaði sjúkrahúsið 4 sjúkraliða árið 1979, 4 sjúkraliða árið 1980 og 5 sjúkraliða árið 1982.

Læknaritaranemar

Læknaritarabraut var stofnuð við Heilbrigðisskólann v/Ármúla 1991. Námið tekur tvö ár, þar af eru þrjár bóklegar annir og sex mánaða verklegt nám.

Sjúkrahús Akraness tók við fyrsta læknaritanemanum árið 1997. Fyrir þann tíma hafði ekki verið aðstaða fyrir hendi til að taka við nemum og raunar hafa komið tímabil þar sem ekki hefur verið hægt að koma því við vegna aðstöðuleysis og þrengsla. Frá 1997 hafa allnokkrir læknaritaranemar komið í verklegt nám á SHA. Nemar hafa verið hér frá þremur og allt upp í sex mánuði í senn og þannig hafa þeir síðarnefndu getað lokið starfsþjálfun hér. Talsverð aðsókn er af læknaritanemanum að koma á SHA í starfsþjálfun. Störf læknaritara á SHA eru mjög fjölbreytt og mjög vítt svið. Deildin getur aðeins tekið við einum nema í senn og er skipað í plássíð næsta árið.

Sjúkraþjálfara- og iðjuþjálfanemar

Iðjuþjálfabraut var stofnuð við Háskólann á Akureyri árið 1997 og fyrstu iðjuþjálfarnir voru brautskráðir árið 2001. Áður höfðu iðjuþjálfar sótt menntun sína erlendis. Iðjuþjálfun á Sjúkrahúsi Akraness hefur tekið við nokkrum nemum í starfsþjálfun og kynningu á þessum tíma og von er á áframhaldandi samstarfi þar um.

Fyrsti neminn í sjúkraþjálfun frá Sjúkraþjálfunarbraut Háskóla Íslands, kom hingað í verknám árið 1998. Eftir það hafa komið nokkrir nemar og dvalist í einn til tvo mánuði í senn.



Útskriftarhópur sjúkraliða 1974.

Rannsóknir á SHA

Algengi ofstarfsemi í skjaldkirtli sjúklunga með gáttatif. Rannsókn unnin af Sigurði Ólafssyni, Ugga Agnarssyni og Ara Jóhannessyni. (*Læknablaðið*, 1996. Fylgirit 31. E-66. Útdráttur).

Gallblöðruþráttur á Sjúkrahúsi Akraness, uppkomur og úrlausnir. Rannsókn unnin af Jóni B. Bergmann, Magnúsi Kolbeinssyni og Hafsteini Guðjónssyni. (*Læknablaðið*, 1996. 82: 311. Útdráttur).

Ísetning gerfiliða í mjöðm á Sjúkrahúsi Akraness. Rannsókn unnin af Guðrúnu Guðmundsdóttur, Brynjólfi Y. Jónssyni, Arnbirni Arnbjörnssyni, Ara H. Ólafssyni og Magnúsi Kolbeinssyni. (*Læknablaðið*, 1997. 83: 242. Útdráttur).

Gallblöðrutaka með kviðsjá á Sjúkrahúsi Akraness 1994-1998. Rannsókn unnin af Öttari M. Bergmann, Magnúsi Kolbeinssyni og Hafsteini Guðjónssyni. (*Læknablaðið*, 1998. 84: 313. Útdráttur).

Skjaldkirtilsstarfsemi og tíðni grunnsjúkdóma hjá sjúklingum með gáttatif. Rannsókn unnin af Birgi Jóhannssyni, Sigurði Ólafssyni, Ugga Agnarssyni og Ara Jóhannessyni. (*Læknablaðið*, 2000. 86: 743-7).

Læknaráð

Fyrsti fundur læknaráðs Sjúkrahúss Akraness var haldinn mánudaginn 14. maí 1973. Í fundargerðabók læknaráðs stendur eftirfarandi klausa: „Fyrir tilstilli formanns sjúkrahússtjórnar og í samræmi við nýsamþykkt lög frá Alþingi eru allir fast-ráðnir læknar sjúkrahússins komnir saman til að stofna læknaráð. Þeir eru: Árni Ingólfsson, Bragi Nielsson, Guðjón Guðmundsson og Jón Jóhannesson“. Af þessum læknum starfar Jón Jóhannesson enn við sjúkrahúsið.

Á þessum fyrsta fundi læknaráðs var rætt um starfssvið ráðsins, rædd ýmis rekstrar-mál sjúkrahússins en engar ákvarðanir teknar. Fyrsti formaður læknaráðs var kosinn Árni Ingólfsson. Annar fundur var síðan haldinn 28. september sama ár og þá eru fund-armenn fimm talsins. Guðmundur Árnason hafði þá tekið við stöðu yfirlæknis á lyf-lækningadeild. Á þessum fundi voru umræðuefni ráðsins orðin fleiri og skýrari stefna mörkuð um málefni sem læknaráð skuli sinna. Á fundinum voru rædd tækjakaup og til gamans má nefna tækin sem læknaráð vildi að fjárfest yrði í : „Monitor, EKG-tæki, rectoscop, óákveðin tæki fyrir rannsóknastofu, sýningartæki (glærumynda), gastroscop, brennslutæki við cystoscopiur“. Læknaráð fjallaði einnig um nýbyggingu sjúkrahússins, um kandidatsstöður og húsnæðismál starfsfólks.

Eins og fram kom var læknaráð stofnað samkvæmt lögum. Í núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97 frá 1990 er í 32. grein fjallað um læknaráð sjúkrahúsa þar sem þrír eða fleiri læknar starfa. Samkvæmt lögum þessum skal læknaráð vera stjórn-endum til ráðuneytis um öll lækni-fræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins og ber stjórn-endum að leita álits læknaráðs um allt, sem varðar lækniþjónustu sjúkrahússins.

Í reglugerð um læknaráð SHA kemur fram að ráðið skal stuðla að því að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við fyllstu gæðakröfur og fylgjast skal náði með gæðum lækniþjónustunnar. Læknaráð skal vera stjórn SHA til ráðuneytis um rekstur stofnun-arinnar. Einnig skal stjórnin leita álits læknaráðs um allt er varðar lækniþjónustu, stefnumótun og uppbyggingu SHA.

Reglugerð um læknaráð SHA er samþykkt af stjórn stofnunarinnar og breytingar á reglugerðinni eru ávallt lagðar fyrir stjórnarfundum SHA.

Auk málefna sem snerta lækniþjónustuna og starfsemi stofnunarinnar hefur læknar-aráð í gegnum tíðina staðið fyrir fræðslufundum, bæði fyrir lækna eingöngu og svo fyrir allt starfsfólk. Morgunfundir lækna hafa verið haldnir reglulega einu sinni í viku níu mánuði ársins, allt frá því að læknaráð var stofnað. Á þessum fundum skiptast læknar stofnunarinnar á um að flytja fræðsluerindi og gerir fræðslustjóri áætlun þar um fyrir hvert misseri í senn. Fundir í læknaráði eru haldnir mánaðarlega og er læknum skylt að sitja fundi. Formaður læknaráðs situr fundi stjórnar SHA með málfrelsi og tillögurétt.

Frá upphafi var formaður læknaráðs framkvæmdastjóra til ráðuneytis í daglegum rekstri stofnunarinnar og þegar sérstök framkvæmdastjórn var sett á laggirnar átti for-maður læknaráðs sæti þar. Eftir að staða lækningaforstjóra var stofnuð á SHA hefur orð-ið breyting á starfi formanns læknaráðs. Hann tekur ekki lengur þátt í daglegum rekstri

en er frekar tengiliður lækna við stjórn og framkvæmdastjórn hvað varðar störf lækna-anna og starfsaðstöðu.

Fjöldargir lækna hafa starfað við stofnunina í gegnum árin, um lengri eða skemmri tíma. Aðstoðarlækna voru ráðnir við sjúkrahúsið þegar á fyrstu árum þess og stúdentar í síðasta hluta unnu hér oft. Aðstoðarlækna voru lengst af tveir til þrír en árið 1977 var þeim fjölgað í fjóra. Stöðugildum aðstoðarlækna var síðan fækkað er sérfræðingum fjölgaði, líkt og á öðrum sjúkrahúsum og eru núna þrjú.

Við SHA starfa nú rúmlega 20 sérfræðilækna, auk áðurnefndra þriggja unglækna. Með auknum fjölda lækna í hlutastarfi hefur orðið nokkur breyting á starfi lækna ráðs. Lækna stofnunarinnar starfa nú á einnig á öðrum vinnustöðum og því er t.d. erfiðara að finna fundartíma sem hentar. Með aukinni tölvuvæðingu og nettengingu má þó hugsa sér að bæta megi þá „samskiptaörðugleika“ sem upp hafa komið af þeim ástæðum.

Hinn 15. apríl 2002 var haldinn 198. fundur lækna ráðs. Núverandi formaður lækna ráðs er Björn Gunnarsson.

...lembur og a skattar...
...ebersoga. Mjög anduvelt er a...
...u kabbekes upp og fast agat...
...mides
...8. 7 dag er... evisan + aeltes. N₂O.
...geð... nephrectomia dist.
...mbalckruntan f. netan 12 af b...
...ni J retroperitonealt og kemur...
...ljós et mjóga en mjög stökkt...
...y sinstaalega þlvis revaris en...
...uretan litna stlilega iit, engin...
...ólgu reactivum en i káingnum persu...
...matna 11. 12. 13. 14. 15. 16. 17. 18. 19. 20. 21. 22. 23. 24. 25. 26. 27. 28. 29. 30. 31. 32. 33. 34. 35. 36. 37. 38. 39. 40. 41. 42. 43. 44. 45. 46. 47. 48. 49. 50. 51. 52. 53. 54. 55. 56. 57. 58. 59. 60. 61. 62. 63. 64. 65. 66. 67. 68. 69. 70. 71. 72. 73. 74. 75. 76. 77. 78. 79. 80. 81. 82. 83. 84. 85. 86. 87. 88. 89. 90. 91. 92. 93. 94. 95. 96. 97. 98. 99. 100.

Frá tímum handskrifaðra sjúkraskráa.

Starfsmannaráð



Stjórn starfsmannaráðs.

Starfsmannaráð var stofnað í maí 1974. Hlutverk þess er að koma fram sem fulltrúi starfsfólks sjúkrahússins gagnvart sjúkrahússtjórn, gefa gaum að endurbótum við stofunina, miðla upplýsingum frá stjórnendum til starfsfólks, t.d. varðandi rekstur og breytingar, vinnuskilyrði og hagræðingu. Starfsmannaráð á einnig að hafa frumkvæði um ný- og endurmenntun starfsfólks og fylgjast með að öryggismál séu í sem bestu lagi. Starfsmannaráð kemur tillögum sínum til stjórnenda sjúkrahússins með tilstyrk þess fulltrúa sem það hefur kosið í sjúkrahússtjórn hverju sinni. Núverandi fulltrúi ráðsins í stjórn SHA er Halldór Hallgrímsson.

Í ársbyrjun annað hvert ár hefur starfsmannaráð staðið fyrir heilsuviku þar sem áhersla er lögð á heilsueflingu og hollt mataræði. Þá stendur starfsmannaráð fyrir margfrægu „sjúkrahúsférlag“ sem farið er í á hverju vori. Í ár, á 50 ára afmæli Sjúkrahússins, hefur verið ákveðið að halda til Grænlands þann 1. júní n.k.

Núverandi starfsmannaráð er þannig skipað: Halldór Hallgrímsson formaður, Katrín Snjólaugsdóttir varaformaður og Rún Elfa Oddsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Ólöf Hannesdóttir, Ingunn Viðarsdóttir, Elsa Halldórsdóttir og Steinunn Jónsdóttir. Varaformaður er Guðný Rún Sigurðardóttir.

Starfsmannafélag SHA

Starfsmannafélag Sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi - SSHA, var stofnað 17. apríl 1996.

Í lögum félagsins koma fram markmið þess sem eru „að stuðla að kynningu meðal félagsmanna, að efla samstarf og samvinnu þeirra á félagslegum grundvelli, t.d. hvað varðar skemmtanir, ferðalög og önnur félagsmál“.

Félagsmenn eru nú um 140. Allir fastráðnir starfsmenn stofnunarinnar eru félagar nema þeir óski annars. Tekjur félagsins eru mánaðarleg framlög félagsmanna, dregin af launum viðkomandi. Gjald á mánuði er nú 500 krónur. Auk félagsgjalda hefur félagið nokkrar tekjur af rekstri gossjálfsala sem er í anddyri sjúkrahússins.

Starfsemin er nú komin í nokkuð fastar skorður. Árlega er farin leikhúsför og félagið hefur staðið fyrir gönguferðum, bæði stuttum ferðum á heimaslóðum en einnig lengri dagsferðum, svo sem yfir Síldarmannagötur, Leggjabrjót, á Skjaldbreið og nú síðast á Snæfellsnes. Farið hefur verið í fjölskylduferð á sumrin og þá dvalið yfir helgi í tjöldum eða skálum. Tvívegis hefur verið farið í Þórsmörk en einnig hefur verið farið í Landmannalaugar og í Skorradal. Stærsti viðburðurinn í starfi félagsins og sá dýrasti er árshátíðin sem að jafnaði er haldin í október. Í kringum 200 manns sækja þá skemmtun sem er ókeypis fyrir félagsmenn SSHA.

Sú ágæta hefð hefur skapast að starfsmenn ásamt börnum koma saman eina síðdegisstund að vori og tína rusl og snyrta lóð sjúkrahússins og þiggja í verklok mat og drykk í boði stofnunarinnar.

Stjórn starfsmannafélagsins skipa nú: Björn Gunnarsson formaður, Rósa Mýrdal ritari, Jónsína Ólafsdóttir gjaldkeri, Kristín Magnúsdóttir og Þórlína Jóna Sveinbjörnsdóttir meðstjórnendur.



Stjórn starfsmannafélags SHA.



Frá lóðarhreinsun.



Grillað að lokinni lóðarhreinsun.

Bókasafn

Sjúklingabókasafn

Sjúklingabókasafn var starfrækt á sjúkrahúsinu í mörg ár og var sérstakur starfskraftur í hlutastöðu sem sá um þau mál. Frá 1. janúar 1999 hefur Bæjar- og héraðsbókasafnið á Akranesi séð um bókaþjónustu við inniliggjandi sjúklinga og kemur starfsmaður frá bókasafninu tvisvar í viku á sjúkrahúsið.

Læknisfræðibókasafn

Vísir að læknisfræðibókasafni var til á stofnuninni til margra ára. Það var þó ekki fyrr en 1988 að gerðar voru nokkrar úrbætur í málum safnsins. Bókasafnsfræðingar frá fyrirtækinu Gangskör voru fengnir til ráðgjafar og var farið rækilega í gegnum bókakoststofnunarinnar og tímaritakaup endurskoðuð. Frá þeim tíma hafa öll tímarit verið keypt í gegnum eitt þjónustufyrirtæki, Ebsco, og eru tímaritin flokkuð og skráð. Einnig er nokkuð keypt af læknisfræðibókum.

Læknisfræðibókasafnið hefur verið á hrakhólum með húsnæði en hefur nú um sinn verið komið fyrir á þriðju hæð sjúkrahúsu.

Í ársbyrjun 2002 voru gerðar gagnrægar lagfæringar á fagbókasafninu. Gömlum tímaritum var fleygt og mikil vinna lögð í að þrifa, flokka, raða og merkja. Einnig voru fengin ný húsgögn. Andrúmsloftið hefur því batnað í bókstaflegri merkingu. Á bókasafninu er hin þokkalegasta tölva, góð vinnuborð og þægilegir stólar. Vinnuaðstaða er því orðin hin ákjósanlegasta og getur starfsfólk nýtt sér hana að vild. Umsjón með læknisfræðibókasafni hafa Rósa Mýrdal og Björn Gunnarsson.

Vefur SHA

Þóstudaginn 6. apríl 2001 var opnaður vefur Sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi. Íslensk upplýsingatækni annaðist uppsetningu vefsins. Vinnuumhverfi við vefinn var þó heldur stírt og því var vefurinn endurnýjaður í heild sinni og í byrjun janúar 2002 var vefur SHA opnaður í nýju umhverfi. Vefurinn er nú unninn í Nepal - vefumsjónarkerfinu sem gerir notendum kleift að sjá alfarið um innihald og uppbyggingu vefsetra sinna í íslensku vinnuumhverfi. Mikil áhersla er lögð á að uppfæra upplýsingar á vefnum reglulega.

Markmið með vef SHA er að miðla upplýsingum um starfsemi stofnunarinnar og þá þjónustu sem hún býður upp á. Á vefnum má finna mikinn fróðleik um starfsemi og sögu sjúkrahússins. Fjöldi fræðslubæklinga sem sjúkrahúsið hefur gefið út eru nú aðgengilegir á netinu.

Samhliða þessum breytingum var opnaður Starfsmannavefur SHA sem einungis er ætlaður starfsmönnum sem upplýsinga- og samskiptatæki. Á starfsmannavefinn eru stöðugt færðar inn upplýsingar um hvað eina sem er að gerast á stofnuninni og viðkemur starfsfólki. Þar er enn fremur spjallrás sem er skemmtilegt tæki fyrir starfsfólk til að koma skoðunum sínum á framfæri á einfaldan hátt.

Umsjónarmaður vefs SHA er Rósa Mýrdal og er vinnsla efnis í hennar höndum. Slóð aðalvefs SHA er: www.sha.is

Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi
Merkigötu 9, 300 Akranes - Sími 430 6000 - Fax 430 6001 - sha@sha.is

SHA.IS
Lest á sha.is
Almennar upplýsingar
Sjúkrahús
Heilsugæsla
Símanúmer
Laus stof
Fræðsla
Starfsmannavefing
Fréttir

Velkominn á vef Sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi!
A þessu ári eru 50 ár liðin frá því að Sjúkrahúsið á Akranesi tók til starfa. Í tilfelli af því verður ymslegt gert til að minnast af málmiss. M. a. verður efnt til list syninga í anddyri sjúkrahússins.

Fréttir frá SHA
24. nóv 2002 Syningin "Sjúkdómar og lækningar að fornu"
23. nóv 2002 Nýtt á vef SHA - áskrift
23. nóv 2002 Nyr lungnamælir
16. nóv 2002 Þingmenn í heims óró
Fréttir


50 ÁR
Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi

Nýtt á vef SHA - áskrift
Nu geta gestir vefsíðu SHA gerst áskrif endur að fréttasiðunni okkar og óski þeir þess og fylgst þannig með nýju efni á vefnum.

Leiðbeiningar: Smelltu á viðkomandi flípa vinst ra megin á skýrni "fréttir" þá fær þú upp síðu með spurningunni "Viltu verða áskrifandi?". Smelltu þar á, þá opnast nyr gluggi sem þú fyllir út.

Syningin "Sjúkdómar og lækningar að fornu"
Farandsyningin Sjúkdómar og lækningar að fornu hefur verið sett upp í anddyri sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi. Syningin er löur 150 ára afmælisdagarástofnunarinnar.

Gjafir



Við afhendingu á fæðingarúmi sem Lionsklúbbur Akraness gaf sjúkrahúsinu 1963. F.v.: Bragi Nielsón, Páll Gíslason, Elías Guðjónsson, formaður Lionsklúbbs Akraness og Þuríður Guðnadóttir ljósmóðir.

Allt frá upphafi og til þessa dags hefur Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi notið mikils skilnings, stuðnings og örlætis af hálfu félagasamtaka og einstaklinga í samfélaginu. Þetta hefur endurspeglast í stórum og smáum gjöfum sem oft hafa skipt sköpum um þjónustu sem unnt hefur verið að veita í heimabyggð og svo er enn. Ef ekki nyti við góðra gjafara þá væri stofnunin mun fátækari af ýmsum búnaði sem gerir fagfólki kleift að leysa úr brýnum vanda hér í heimabyggð.

Altítt er einnig að smáar gjafir til tiltekinna verkefna hvetja til frekari dáða og fjáröflunar. Í augum starfsmanna sem gegna heilbrigðisþjónustu er mikilvægi þessa tvíþætt. Annars vegar eru það hinir raunverulegu fjármunir og verðmæti þeirra sem látnir eru í té til hagsbóta fyrir alla hlutadeigandi og bæta úr þörf. Hins vegar er það hinn góði hugur og stuðningur sem í gjöfum til stofnunarinnar felst og sá þáttur er ómetanlegur.

Skráin er löng yfir alla þá stuðningsaðila og gefendur sem lagt hafa sitt af mörkum í árána rás, svo löng að hún verður ekki talin upp hér. Mörg félagasamtök og fjölmargir einstaklingar hafa komið hér við sögu og fært stofnuninni dýrmætar gjafir, sumir aftur og aftur. Slíkir bakhjarlar eru ómetanlegir.

Þakkir

Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi þakkar af alhug þeim félagasamtökum og einstaklingum sem hafa lagt hönd á plóginn fyrir ómetanlegan stuðning á liðnum árum.



Frá afhendingu hjartageslutekja árið 1975. Frá vinstri: Benedikt E. Guðmundsson, formaður Lionsklúbbs Akraness, Jón Jóhannesson læknir, Guðmundur Árnason yfirlæknir og Ríkhartður Jónsson formaður sjúkrahússtjórnar.



Frá afhendingu á sjónvarpi, myndvarpa og hljómflytningstækjum sem gefið var til Fæðinga- og kvensjúkdómadeildar. Frá vinstri: Sólveig Kristinsdóttir ljósmóðir, Sigríður Árnadóttir og Halldóra Jónsdóttir frá Lionessklúbbi Akraness, Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri, Petrea Kristín Karlsdóttir, Jónína Ingólfsdóttir yfirljósmóðir og Stefán Helgason yfirlæknir.

Sjúkrahúsúðin

Á framhaldsfundi Kvenfélags Akraness 11. mars 1980 skýrði formaður félagsins, Katrín Georgsdóttir, frá því að á stjórnarfundum þann 3. mars hefði komið fram tillaga um að athuga möguleika á að koma á fót og reka sölubúð í Sjúkrahúsi Akraness. Í undirbúningsnefnd til að kanna þessi mál voru kosnar Stefanía Þórðardóttir, Kristrún Jónsdóttir, Svava Finsen og Hrefna Björnsdóttir en Svandís Pétursdóttir var fulltrúi stjórnar og tengiliður. Þann 23. mars var sjúkrahússtjórn sent bréf þar sem óskað var eftir viðræðum um að koma upp sölubúð í sjúkrahúsinu. Þær viðræður fóru fram í maí á sama ári og svarbréf sjúkrahússtjórnar er dagsett 26. ágúst 1980 þar sem Kvenfélagi Akraness er veitt leyfi til reksturs sölubúðar. Félagsfundur haldinn 14. október 1980 samþykkti svo að koma búðinni á fót. Undirbúningsnefndin kynnti sér rekstur slíkra búða á Landspítala og Landakoti. Á aðalfundi í febrúar 1981 voru Stefanía Þórðardóttir, Svava Finsen, Anna Björnsdóttir og Hanna Rúna Jóhannesdóttir kosnar í búðanefnd.

Búðin var opnuð þann 28. febrúar 1981 og var hún alla tíð rekin í sjálfbodavinnu kvenfélagskvenna. Þegar á leið reyndist erfitt að fá fólk til sjálfbodavinnu við búðina og þegar komið var að því að greiða þurfti laun var ekki lengur grundvöllur fyrir rekstri búðarinnar.

Sjúkrahúsúðinni var lokað um áramótin 1995-6.



Starfsfólk og sjúklingar versluðu drjúgt í sjúkrahúsúðinni.

Sundlaugarsjóður

Sundlaugarsjóður var stofnaður árið 1982 að frumkvæði Guðmundar Árnasonar yfirlæknis lyflækningadeildar í þeim tilgangi að safna fé til byggingar á endurhæfingarsundlaug við sjúkrahúsið. Fyrstu framlögin komu í sjóðinn á norrænni húsmæðraráðstefnu Sambands borgfirskra kvenna sem haldin var á Hvanneyri það ár. SBK safnaði síðan mestu því fé sem í sjóðinn kom. Árið 1991 var ljóst orðið að ekki yrði af byggingu sundlaugar við sjúkrahúsið og var sundlaugarsjóðurinn því afhentur Sjúkrahúsi Akraness til varðveislu. Þegar ný endurhæfingardeild var opnuð á sjúkrahúsinu 1993 var ákveðið að verja fénu til tækjakaupa fyrir þá deild.

Leikskóli



Börn á Heiðarborg árið 1980.



Heiðarbraut 31. Leikskólinn Heiðarborg var á neðri hæð hússins.

Árið 1974, þegar starfsmenn fengu fyrst fulltrúa í sjúkrahússtjórn, hófu þeir umræðu og baráttu fyrir því að sjúkrahúsið setti á fót leikskóla. Á þessum árum var mikill skortur á fagfólki, sérstaklega hjúkrunarfræðingum. Þau Guðrún Víkingsdóttir hjúkrunarfræðingur og Árni Ingólfsson læknir börðust dyggilega fyrir þessu máli og héldu starfsmenn því gangandi þar til skólinn var opnaður. Nokkur sjúkrahús höfðu þá hafið rekstur leikskóla og þótti stofnunin ekki samkeppnishæf um fagfólk ef ekki væri hægt að bjóða upp á þessa þjónustu.

Árið 1978 var síðan neðri hæð hússins að Heiðarbraut 31 keypt og innréttuð fyrir leikskóla. Um mánaðarmótin júlí/ágúst hófst rekstur leikskólans og var honum gefið nafnið Heiðarborg. Alls gátu 16 börn dvalið í leikskólanum í fullri vistun. Oft voru mun fleiri börn skráð í skólann enda miðaðist vistun við starfshlutfall starfsmanns.

Tilgangurinn með því að sjúkrahúsið ræki leikskóla var sá að laða að faglært starfsfólk. Þegar plássam var úthlutað var litið til þarfa stofnunarinnar og þær látnar ganga fyrir.

Gængerar endurbætur voru gerðar á leikskólanum árið 1990, bæði að utan og innan. Þá voru endurbætur gerðar á lóð og leiktækjum.

Á síðari hluta ársins 1998 var leikskólanum lokað. Aðdragandann má rekja til ársins 1995 en þá gekk erfiðlega að fá aukið rekstrarfé til sjúkrahúsanna og yfirmenn heilbrigðismála töldu það ekki hlutverk sjúkrahúsa að reka leikskóla heldur væri það hlutverk sveitarfélaga. Á þessum tíma lögðu öll sjúkrahús niður rekstur leikskóla. Gerður var samningur við Akranesbæ um áframhaldandi veru þeirra barna sem voru á leikskólanum og fluttust þau inn á leikskóla bæjarins. Talað var um að auka sveigjanleika á leikskólum bæjarins og koma þannig til móts við þarfir vaktavinnufólksins á stofnuninni en sú hefur ekki orðið raunin, að mati starfsmanna.

Fyrsti leikskólastjórinn var Ingunn Ríkhardsdóttir og sá síðasti Helga Magnúsdóttir. Húsnæði leikskólans var síðar breytt í íbúð.

Starfsmannabústaður

Fyrstu árin hafði yfirlæknir sjúkrahússins íbúð með þremur herbergjum og eldhúsi á efri hæð norðausturálmú sjúkrahússins en hjúkrunakonur og aðstoðarlæknir höfðu herbergi á neðri hæðinni. Með vaxandi starfsemi og fjölgun starfsfólks skapaðist þörf fyrir húnæði, m.a. til að bæta samkeppnisstöðu sjúkrahússins við ráðningu fagfólks. Framkvæmdir við byggingu starfsmannabústaðar að Heiðarbraut 30 hófust árið 1956 til að fá rými fyrir fleiri sjúkrarúm á sjúkrahúsinu og til að geta boðið upp á aukið húsnæði fyrir starfsfólk.

Starfsmannabústaðurinn að Heiðarbraut 32 var tvær hæðir og kjallari. Yfirlæknirinn flutti á efri hæðina árið 1958 en neðri hæðin með 6 herbergjum var tekin í notkun ári seinna. Í kjallaranum var lítil tveggja herbergja íbúð ásamt geymslum. Þegar yfirlæknirinn flutti úr starfsmannabústaðnum árið 1970 fjölgaði herbergjum fyrir aðra starfsmenn. Árið 1971 var efri hæðin í húseigninni Heiðarbraut 31 keypt og árið 1978 var neðri hæð hússins keypt og þar hófst rekstur leikskóla fyrir börn starfsfólks. Þegar leikskólinn var lagður niður árið 1998 var hæðinni breytt í íbúð.

Starfsmannabústaðurinn var allur tekinn í gegn á árunum 1989 og 1990 og batnaði þá aðbúnaður starfsmanna mikið og herbergin urðu 12.

Á árunum til 1986 -1995 var íbúð í kjallara nýtt sem móttaka fyrir sjálfstætt starfandi augnlækni og sérfræðing í háls-, nef- og eyrnalækningum en varð aftur íbúð fyrir starfsmenn þegar læknarnir fluttu starfsemi sína.

Síðar bættist við húsnæði þegar sjúkrahúsið keypti íbúð að Garðabraut 26 fyrir gjafafé. Á þessum árum var mikil þörf fyrir húsnæði og m.a. þurfti sjúkrahúsið að útvega aðstoðarlæknum, sem þá voru fjórir, húsnæði til eins árs í senn. Íbúðin á Garðabrautinni var síðar seld.



Starfsmannabústaðurinn.

Kapella og líkhús



*Karl Sigurbjörnsson biskup
vísítarar í apríl 2002.*

Kapella

Eftir 1970 var lítil kapella innréttuð á neðri hæð í elsta hluta sjúkrahússins þar sem Rannsóknastofan er nú. Húsnæðið var mjög lítið og þröngt og aðstaða til kistulagninga afleit. Þurfti fólk jafnvel að standa úti við kistulagningarathafnir. Það var loks árið 1993 að langþráð ósk um betri aðstöðu rættist. Útbúin var rúmgóð kapella á neðstu hæð heilsugæsluálmunnar með sæti fyrir um 30 manns. Séra Björn Jónsson sóknarprestur vígði kapelluna þann 10. október 1993 en Akraneskirkeja hefur að hluta til umsjón með kapellunni. Kapellann er mjög falleg og notaleg. Hana prýðir falleg altaristafla og gluggi úr steindu gleri eftir Leif Breiðfjörð. Altaristaflan, ásamt skál til notkunar við skírnarathafnir, var gjöf til kapellunnar. Altarið lét sjúkrahúsið útbúa úr grágrýti. Kapellann er aðallega notuð við kistulagningarathafnir og skírnir. Árlega eru skírð um 30 börn í kapellunni fyrir útskrift af fæðingardeildinni.

Líkhús

Hið upphaflega líkhús sjúkrahússins var í enda álmunnar þar sem þvottahúsið er nú. Þurfti starfsfólk því að fara út og yfir bílaplanið til að komast í líkhúsið. Þetta reyndist stundum erfitt, sérstaklega í roki og háلكu.

Líkhúsið var flutt í lítið herbergi við hliðina á kapellunni þegar hún var innréttuð. Húsnæðið var mjög þröngt og aðstaða til kistulagninga og krufninga mjög slæm. Kistur voru látnar standa á þar til gerðum búkkum þannig að hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar þurftu að bera þær fram og til baka. Þegar nýr útfarastjóri kom til starfa árið 1986 varð hann undrandi á þessu vinnulagi og varð það hans fyrsta verk að smíða vagna á hjólum undir kisturnar. Þetta breytti miklu og auðveldaði öll störf í líkhúsinu til muna.

Árið 1993 rættist úr aðstöðuleysinu er ný líkgeymsla og aðstaða til krufninga var tekin í notkun á neðstu hæð heilsugæsluálmunnar um leið og ný kapella. Þarna er nú rúmgóð kæld líkgeymsla ásamt herbergi sem notað er til krufninga. Árum saman sáu hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar legudeilda alfarið um vinnu í líkhúsi en árið 2000 var þessu fyrirkomulagi breytt og tilheyrir nú embætti útfarastjóra eins og annars staðar.

Bollan

Þrettándanum árið 1977 var að frumkvæði Sigurðar Ólafssonar þáverandi framkvæmdastjóra ákveðið að bjóða starfsmönnum til samkomu í svartasta skammdeginu til að gera sér glaðan dag. Góður rómur var gerður að þessu uppátæki sem varð að árlegum fagnaði sem haldist hefur í svipaðri mynd síðustu 25 ár.

Samkomur þessar fengu fljótt nafnið „Bollan“ sem tengist nafni á drykk frá ÁTVR sem veittur var árum saman af þessu tilefni. Samkomur þessar standa yfirleitt í nokkrar klukkustundir og eru oftast haldnar í kjallara sjúkraálmu eftirmiðdag milli jóla og nýárs. Veg og vanda af undirbúningi og framkvæmd „Bollunnar“ hafa iðnaðarmenn stofnunarinnar, ásamt starfsfólki eldhússins, haft. Á samkomum þessum gegna iðnaðarmenn lykilhlutverki sem barþjónar og skemmtikraftar er stjarna við kvenfólkið sem eru í miklum meirihluta starfsmanna. Þetta er skemmtileg hefð sem á sér fastan sess í félagslífi starfsmanna.



Óvent uppákoma á Bollu.



Starfsmenn viðhaldsdeildar í hlutverki barþjóna: Bragi Magnússon, Hröðmar Hjartarson, Halldór Hallgrímsson og Svavar Gardarsson.

Framkvæmdastjórar SHA



*Bjarni Theódór Guðmundsson
ráðsmaður 1952 - 1965*




*Sigurður Ólafsson
framkvæmdastjóri 1965 - 2001*



*Guðjón S. Brjánsson
framkvæmdastjóri frá 2001*

Yfirlæknar SHA

Lyflækningadeild



Haukur
Kristjánsson
1952-1955




Magnús
Ásmundsson
feb. - okt. 1969




Einar Helgason
1969-1973



Guðmundur
Árnason
1973-1983




Ari J.
Jóhannesson
1984-1998



Þorkell
Guðbrandsson
frá 1998


Handlækningadeild



Páll Gíslason
1955-1970




Guðjón
Guðmundsson
1971 - 1994



Magnús E.
Kolbeinsson
frá 1994

Fæðinga- og kvensjúkdomadeild



Árni Ingólfsson
1969-1981



Stefán J.
Helgason
frá 1981

Svæfingadeild



Bragi Nielsson
1980 - 1996




Sigurður Kr.
Pétursson
frá 1996

Heilsugæslustöð



Guðbrandur
Kjartansson
1975 - 1979



Reynir
Þorsteinsson
frá 1980

Stjórnir SHA frá upphafi

1950:

Sveinn Finnsson, formaður
Þorgeir Jósefsson
Sveinbjörn Oddsson
Árni Árnason
Herdís Ólafsdóttir

1954:

Daníel Ágústínusson, formaður
Þorgeir Jósefsson
Sveinbjörn Oddsson
Jón Sigmundsson
Bjarni Th. Guðmundsson

1958:

Daníel Ágústínusson, formaður
Þorgeir Jósefsson
Sveinbjörn Oddsson
Jón Sigmundsson
Þóra Hjartar

1962:

Björgvin Sæmundsson, formaður
Þorgeir Jósefsson
Jón Sigmundsson
Sveinbjörn Oddsson
Þóra Hjartar

1966:

Björgvin Sæmundsson, formaður
Þorgeir Jósefsson
Jón Sigmundsson
Bragi Níelsson
Daníel Ágústínusson

1970:

Björgvin Sæmundsson, formaður
Þorgeir Jósefsson
Ríkharður Jónsson
Stefán Sigurðsson
Ólafur Guðbrandsson

1974:

Ríkharður Jónsson, formaður
Þorgeir Jósefsson
Ólafur Guðbrandsson
Árni Ingólfsson
Guðrún Víkingsdóttir

1978:

Ríkharður Jónsson, formaður
Þorgeir Jósefsson
Tómas Runólfsson
Lilja G. Pétursdóttir
Georg Janusson

1982:

Ríkharður Jónsson, formaður
Ólafur Guðbrandsson
Rúnar Pétursson
Sigrún Sigurðardóttir
Þorkell Kristinsson

1986:

Ríkharður Jónsson, formaður
Ólafur Guðbrandsson
Garðar Óskarsson
Sigrún Sigurðardóttir
Sigríður G. Kristjánsdóttir

1990:

Guðrún W. Jensdóttir, formaður
Margrét Gísladóttir
Gísli S. Einarsson
Benedikt Jónmundsson
Guðmundur P. Jónsson

1994:

Ríkharður Jónsson, formaður
Benedikt Jónmundsson
Ingunn A. Jónasdóttir (til október 1994)
Jóhann Ársælsson (frá október 1994)
Sturlaugur Sturlaugsson
Guðrún Adda Maríusdóttir

1998:

Eirný Vals, formaður (til júlí 1999)
Guðni Tryggvason, formaður (frá júlí 1999)
Helga Gunnarsdóttir
Jón Gunnlaugsson
Bergþór Guðmundsson (frá 1999)
Guðrún Adda Maríusdóttir (til 1999)
Valdís Heiðarsdóttir (til 2001)
Halldór Hallgrímsson (frá 2001)

Heimildir

Eftirtaldir aðilar hafa lagt fram efni í ritið:

Anna Björnsdóttir
Ásgeir Ásgeirsson
Björn Gunnarsson
Bragi Níelsson
Eyjólfur Harðarson
Gísli Björnsson
Gróa Þorsteinsdóttir
Guðjón Brjánsson
Guðjón Guðmundsson
Guðjóna Kristjánsdóttir
Guðni Tryggvason
Guðríður Guðmundsdóttir
Guðrún Margrét Halldórsdóttir
Halldór Hallgrímsson
Ingibjörg Óskarsdóttir
Jóhanna F. Jóhannesdóttir
Jón Jóhannesson
Jóna María Örlaugsdóttir
Jónína Finsen
Jónína Ingólfssdóttir
Kristjana Kristjánsdóttir

Kristrún Guðmundsdóttir
Louise Steindahl
Magnús E. Kolbeinsson
Ólafía Sigurðardóttir
Ragnheiður Ólafsdóttir
Reynir Þorsteinsson
Rósa Mýrdal
Rún Elfa Oddsdóttir
Sigrún Ásmundsdóttir
Sigurður Kristófer Pétursson
Sigurður Ólafsson
Sigurður Sigursteinsson
Steinunn Jónsdóttir
Steinunn Sigurðardóttir
Svavar Garðarsson
Þórir Bergmundsson
Þorkell Kristinsson

Aðrar heimildir:
Blaðið *Akranes*
80 ára saga Sjúkrahúss Akraness
1915-1995, útg. 1995.

